



Reykjavík, 29. júlí 2026
PON20060042

Til Borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Fundargerðir verkefnaráðs janúar – júní 2026

Hjálagðar eru fundargerðir verkefnaráðs frá 15. janúar – 4. júní 2026 ásamt samantekt fundanna.

Óskað er eftir að þær verði lagðar fram í borgarráði.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri



Verkefnaráð samantekt funda fyrir stafrænt ráð

15.janúar – 4.júní 2026



Verkefnaráð 15.janúar – 4.júní 2026



Fundir eru á tveggja vikna fresti – vörukynningar og verkefnabeirni

31 erindi

- 16 samþykkt
- 2 hafnað, 1 frestað
- 6 kynningar
- 4 minnisblöð
- 2 vísað áfram

Skipting milli sviða:

1 VEL, 1 SFS, 15 ÞON,
3 MOS, 1 MÍR, 3 FAS,
1 USK

Fjöldi verkefna í gangi:

38

Reglugátt – ósk um fjármagn (15.01)

- Verkefnið felst í því að koma á miðlægum, rafrænum reglugrunni með samræmdu sniði og útgáfustýringu. Reglur verða þannig aðgengilegar á einum stað, með skýru viðmóti og opinberri birtingu sem uppfyllir lagaskyldu og eykur traust og skilvirkni.
- **Samþykkt** til forgangsroðunar stafræns ráðs

Stafrænt borgarkort MÍR - innleiðing – ósk um fjármagn (15.01)

- Verkefnið er í lúkningarfasa en innleiðing hefur ekki átt sér stað vegna tæknilegra, pólitískra og stjórnmunarlegra ástæðna. Lausnin er komin í rekstur, tengingar við fyrirliggjandi kerfi eru að klárast og nú er hægt að hefja innleiðingu á 17 þjónustustöðum Reykjavíkurborgar.
- **Samþykkt** til forgangsroðunar stafræns ráðs

Mannauðs- og launakerfi, fasi 2 – ósk um fjármagn (15.01)

- Verkefnastjóri verkefnisins óskaði eftir því að fá að skila inn uppfærðum gögnum frá seinasta fundi verkefnaráðs þann 4. desember 2025. Hækkun var á kostnaði og breyting á ábatamati.
- Óskað er eftir skriflegum rökstuðningi frá eiganda verkefnis á því hvað hefur breyst eða hvaða þættir hafa komið í ljós sem hefur áhrif á ábatamat verkefnisins. **Heimildarbeiðni verður sett á bið þar til að ákvörðun liggur fyrir.** Verkefnið var **samþykkt** hjá Borgarráði 26. febrúar

Tillaga stafræns ráðs um sameiginlega ábendingargátt ríkis og sveitarfélaga (29.01)

- Kanna möguleika á sameiginlegri ábendingargátt ríkis og sveitarfélaga, sem gæti verið þróuð í samvinnu Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, Stafræns Íslands og annarra hagsmunaaðila.
- Erindinu **vísað inn í stýrihópa ríkis og sveitarfélaga**



Verkefnaráð 15.janúar – 4.júní 2026



Fundir eru á tveggja vikna fresti – vörukynningar og verkefnabeiðni

31 erindi

- 16 samþykkt
- 2 hafnað, 1 frestað
- 6 kynningar
- 4 minnisblöð
- 2 vísað áfram

Skipting milli sviða:

1 VEL, 1 SFS, 15 PON,
3 MOS, 1 MÍR, 3 FAS,
1 USK

Fjöldi verkefna í gangi:

38

Nýtt fjárhagskerfi fasi 2 – minnisblað (29.01)

- Upplýsingar á breytingu á fyrirhugaðri lokadagsetningu verkefnis þar sem undirbúningur ráðgjafavinnu reyndist umfangsmeiri og flóknari en gert var ráð fyrir í upphafi. Töf um einn og hálfan mánuð

Könnunarhugbúnaður – ósk um fjármagn (12.02)

- Framkvæmd á markaðskönnun og verðfyrirspurn til þess að kanna möguleika á nýjum könnunarhugbúnaði
- Verkefni **samþykkt** til forgangsröðunar stafræns ráðs

Rafrænar undirritanir, útboð á lausn – ósk um fjármagn (12.02)

- Samningur við núverandi lausn er að renna út í mars og mikilvægt er að fara í útboð. Markmiðið er að fá lausn á hagstæðara verði og ná niður kostnaði við undirritanir og rekstur kerfisins
- Verkefni **samþykkt** til forgangsröðunar stafræns ráðs

WHODAS mat og umsókn um heimastuðning – ósk um fjármagn(12.02)

- Með verkefninu á að útfæra WHODAS sjálfsmat á mínum síðum sem íbúi fyllir út og munu niðurstöðurnar annaðhvort leiða hann áfram í umsókn um heimastuðning eða gera honum ljóst að umsókn sé ekki nauðsynleg
- Verkefni samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs á fundi en síðar kemur í ljós að verkefnið bíður þar til samband sveitarfélaga tekur ákvörðun um næstu skref svo verkefni er **frestað**.

Vörukynningar frá vörustjórum

- Mínar síður– Dagrún (29.01)





Verkefnaráð 15.janúar – 4.júní 2026



Fundir eru á tveggja vikna fresti – vörukynningar og verkefnabeiðnir

31 erindi

- 16 samþykkt
- 2 hafnað, 1 frestað
- 6 kynningar
- 4 minnisblöð
- 2 vísað áfram

Skipting milli sviða:
1 VEL, 1 SFS, 15 ÞON,
3 MOS, 1 MÍR, 3 FAS,
1 USK

Fjöldi verkefna í gangi:
38

Korta- og boðgreiðslur á mínum síðum, fasi 2– ósk um fjármagn (12.02)

- Fasi 2 snýr að því að tengja greiðslur við fjármálakerfi Reykjavíkurborgar og tryggja að greiðsluflæði verði sjálfvirk, öruggt og rekjanlegt í gegnum kerfin.
- Verkefni **samþykkt** til forgangsröðunar stafræns ráðs

Utanhald hugbúnaðarleyfa – ósk um fjármagn (26.02)

- Verkefnið snýr að því að innleiða kerfi sem heldur utan um hugbúnaðarleyfi Reykjavíkur og notkun þeirra.
- Verkefni **hafnað/frestað** þar sem ekki er talið tímabært að fara í þessa vinnu í dag og að áætlaður ábati sé ekki nægilega skýr.

Skilvirkara umhverfi stafrænna lausna (Azure future) – Uppfærð kostnaðaráætlun (26.02)

- Markmið verkefnis er að hanna og setja upp nýtt umhverfi fyrir Reykjavíkurborg í Azure skýjalausninni.
- Óskað eftir auknu fjármagni
- **Samþykkt** að fara í innvistun að hluta. Framtíðarkostnaður verkefnisins verður leystur í gegnum núverandi rekstur og rekstarlíkanið 2027

Stafræn sorphirða fasi 3 – ósk um fjármagn (12.03)

- Hér er sótt um fasa 3 í verkefninu sem mun skila sér í kaupum á kerfi og innleiðingu eftir formlegt innkaupaferli
- Verkefni **samþykkt** til forgangsröðunar stafræns ráðs.

Mælaborð þjónustovers – ósk um fjármagn (12.03)

- Verkefnið felur í sér að setja upp miðlægt stjórnendamælaborð fyrir þjónustuver Reykjavíkurborgar þar sem gögn úr samskiptalausn þjónustovers, verkbeiðnakerfi, miðakerfi, ábendingarvef, mínum síðum ásamt upplifunargögnum úr könnunarhugbúnaði í eina heildstæða sýn.
- Verkefni **samþykkt** til forgangsröðunar stafræns ráðs



Verkefnaráð 15.janúar – 4.júní 2026



Fundir eru á tveggja vikna fresti – vörukynningar og verkefnabeiðni

31 erindi

- 16 samþykkt
- 2 hafnað, 1 frestað
- 6 kynningar
- 4 minnisblöð
- 2 vísað áfram

Skipting milli sviða:

1 VEL, 1 SFS, 15 ÞON,
3 MOS, 1 MÍR, 3 FAS,
1 USK

Fjöldi verkefna í gangi:

38

Stafrænn borgarstjórnarsalur – ósk um fjármagn (12.03)

- Verkefnið snýst um að endurnýja og nútímavæða tækja- og tækniþúnað í Borgarstjórnarsal, þar sem núverandi þúnaður er orðinn gamall, viðhaldsfrekur og brothættur.
- Verkefni **hafnað** sem nýtt verkefni. Vísað í fjárfestingarklasa stjórnarsýsluhúsa og búnaðarpottinn.

Gagnalandslag ÞON og uppfærsla á gagnaveri vegna gervigreindar – umræða (12.03)

- Skrifstofustjóra Gagnaþjónustu hefur verið falið að vinna tillögu að verkefni sem felur annars vegar í sér uppfærslu á búnaði í gagnaveri vegna gervigreindar og hins vegar endurbætur á gagnalandslagi ÞON
- Verkefnið var **samþykkt** í Borgarráði 30. apríl.

Þýðingar 3.0 framtíð vélstuddra þýðinga og túlkunar – minnisblað (12.03)

- Ábyrgð á samskiptum við borgarbúa hefur færst að hluta frá framlínu velferðarsviðs yfir til þjónustuvæðis ÞON. Lögð er til breyting á eigendahlutverki frá VEL til ÞON, flutningur verkefnis frá verkefnastofu til stafræns leiðtoga ÞON og áfram verði unnið að útfærslu, prófun og innleiðingu lausna sem styðja við starf framlínufólks.
- **Samþykkt**, styður við aðgerðaráætlun þjónustu og nýsköpunarsviðs varðandi stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026-2030.

Innleiðing SharePoint – ósk um fjármagn (26.03)

- Óskað eftir auknu fjármagni þar sem vinna í fyrsta fasa leiddi í ljós að verkefnið var töluvert umfangsmeira en áætlað var og nauðsynlegt er að fara í útboðsvinnu.
- Verkefnið fellur undir gagnaverkefni ársins.

Vörukynningar frá vörustjórum

- VelferðarBúi – Tindur (26.03)



Verkefnaráð 15.janúar – 4.júní 2026



Fundir eru á tveggja vikna fresti – vörukynningar og verkefnabeirðir

31 erindi

- 16 samþykkt
- 2 hafnað, 1 frestað
- 6 kynningar
- 4 minnisblöð
- 2 vísað áfram

Skipting milli sviða:

1 VEL, 1 SFS, 15 ÞON,
3 MOS, 1 MÍR, 3 FAS,
1 USK

Fjöldi verkefna í gangi:

38

Stafræn miðlun myndefnis Reykjavíkurborgar fasi 2 – ósk um fjármagn (09.04)

- Óskað eftir fjármagni til að fara í útboð á DAM-lausn með það að markmiði að innleiða nýja og framtíðarhæfa lausn.
- **Ákvörðun sett á bið** þar til liggur fyrir samþykki á skiptingu rekstrarkostnaðar á milli sviða.
- Fjárhagslegt samkomulag náðist fyrir fund stafræna ráðsins þann 22. apríl og var því verkefnið **samþykkt** og sent til forgangsröðunar stafræns ráðs.

Nýtt fjárhagskerfi fasi 3 og 4 - ósk um fjármagn (09.04)

- Óskað eftir fjármagni fyrir fasa 3 og 4 sem felur í sér verkefnastýringu, útboð og innleiðingu á nýju fjárhagskerfi borgarinnar.
- **Samþykkt** til forgangsröðunar stafræns ráðs

Framþróun Skúlabúa – ósk um fjármagn (09.04)

- Vörustjóri Skólabúa óskar eftir því að endurskoðuð verði ákvörðun verkefnaráðs frá 6. nóvember 2025 er varðar framþróun á Skólabúa í ljósi þess að ný birtar niðurstöður stýrihóps um stafræna innviði í þágu barna liggja nú fyrir og skýra hluta þeirrar óvissu sem varð til þess að framþróun var frestað haustið 2025.
- Verkefnið **samþykkt** til forgangsröðunar stafræns ráðs

Viðverukerfi– minnisblað (07.05)

- Breyting á verkefni Eftir framkvæmd markaðskönnunar og úrvinnslu nokkurra vinnustofa er niðurstaða verkefnahóps að skynsamlegt er að áætla meiri tíma í þarfagreiningu og kröfulistu ásamt útboðsskrifum.
- **Samþykkt.** Gert er ráð fyrir að teymið sem vinnur verkefnið átti sig best á tímalínunni og að rekstrarkostnaðurinn falli á mannauðs- og starfsþróunarsvið svo það ætti að hafa lítil sem engin áhrif á úthlutun fjármagns hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði.



Verkefnaráð 15.janúar – 4.júní 2026



Fundir eru á tveggja vikna fresti – vörukynningar og verkefnabeiðnir

31 erindi

- 16 samþykkt
- 2 hafnað, 1 frestað
- 6 kynningar
- 4 minnisblöð
- 2 vísað áfram

Skipting milli sviða:

1 VEL, 1 SFS, 15 ÞON,
3 MOS, 1 MÍR, 3 FAS,
1 USK

Fjöldi verkefna í gangi:

38

Mínar síður, birting umsókna á Ísland.is – ósk um fjármagn (04.06)

- Með þessari breytingu verður hægt að sjá stöðu umsókna á Ísland.is en nánari upplýsingar og fylgigögn verða áfram aðgengileg á Mínun síðum Reykjavíkur. Verkefnið styður þannig við markmið um samræmda stafræna þjónustu þvert á sveitarfélög og stjórnsýslustig
- Verkefnið **samþykkt**

Uppfletting á Mínun síðum fyrir þjónustuver– ósk um fjármagn (04.06)

- Lausnin felst í því að birta stafræna pósthólfíð í Uppflettigátt þjónustuværs, þannig að þjónustuver fái aðgang að þeim skjölum sem borgarbúi hefur fengið frá Reykjavík í stafrænt pósthólf.
- Verkefnið **samþykkt**

Laufey – ósk um fjármagn (04.06)

- Laufey er nýr umsóknarvefur fyrir stjórnendur sem á að leysa af eldri lausn og einfalda umsóknir um aðgang, vélbúnað og hugbúnaðarleyfi. Núverandi ferli eru ósamræmd milli sviða, yfirsýn og rekjanleika skortir og beiðnir rata ekki alltaf sjálfkrafa í rétt ferli.
- Verkefnið **samþykkt**

Vörukynningar frá vörustjórum

- Copilot – Sigrún Lára (07.05)
- Atlassian – Eyvindur (07.05)
- Netlausnir Reykjavíkurborgar – Sigmar (21.05)
- Mannauðs- og launalausnir – Hallgrímur (21.05)



Verkefnaráð 15.janúar – 4.júní 2026



Fundir eru á tveggja vikna fresti – vörukynningar og verkefnabeiðnir

31 erindi

- 16 samþykkt
- 2 hafnað, 1 frestað
- 6 kynningar
- 4 minnisblöð
- 2 vísað áfram

Skipting milli sviða:

1 VEL, 1 SFS, 15 ÞON,
3 MOS, 1 MÍR, 3 FAS,
1 USK

Fjöldi verkefna í gangi:

38

Sameining Jira Cloud umhverfa– minnisblað (04.06)

- Tilgangur þessa minnisblaðs er að upplýsa um ráðstöfun vegna verkefnisins sameining á Jira Cloud þróunarumhverfi og aðalumhverfi borgarinnar. Tilfnið er að núverandi aðskilnaður veldur rekstrarflækju, dregur úr yfirsýn og torveldar rekjanleika þegar verkefni, breytingar eða frávik ná yfir bæði þróun og rekstur.
- Verkefnaráð hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemdir við framgang þess. Ráðið bendir þó á mikilvægi þess að innkaup sem tengjast verkefninu séu framkvæmd í samræmi við gildandi innkaupareglur Reykjavíkurborgar.



Reykjavík

Verkefnaráð**Fundargerðir: Verkefnaráð 15.01.2026**

Verkefnaráð.....	1
Reglugátt – ósk um fjármagn.....	2
Stafrænt borgarkort MÍR – ósk um fjármagn	4
Önnur mál	6

Verkefnaráðsfundur 15.01.2026

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2026
Dagsetning 15.01.2025	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Óskar Sandholt, Ólafur Sólímánn Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Þröstur Sigurðsson, Agnes Guðjónsdóttir, Lára Aðalsteindóttir og Harpa Atladóttir	
Fjarverandi: Eva Björk Björnsdóttir	
Fundarritari: Harpa Atladóttir	

Fimmtudagur 15. janúar 2025, kl. 09:30 –10:30 6.hæð vestur, Presthús, Borgartún 12-14

09:30 -09:35 Samstilling

09:35–09:50 Reglugátt - ósk um fjármagn
Agnes – deildarstjóri ráðgjafar

09:50–09:55 Umræður

09:55–10:10 Stafrænt borgarkort MÍR - ósk um fjármagn
Lára – stafrænn leiðtogi MÍR

10:15–10:20 Umræður

10:20-10:30 Önnur mál

10:30 Fundi slitið

Reglugátt – ósk um fjármagn

Reglur Reykjavíkurborgar eru nú dreifðar á mörgum stöðum, oft á mismunandi formum eins og PDF-skjölum á vefnum eða í skjölum sem eru ekki útgáfustýrð. Óvissa ríkir um hvaða reglur eru í gildi og hvort þær reglur sem finnast séu gildar og samþykktar útgáfur. Borginni ber lagaleg skylda til að birta reglur á skýran og traustan hátt svo allir geti treyst þeim, en ef það er ekki gert skapast óvissa og hætta á mistökum sem geta leitt til kostnaðar. Skýrt og öruggt aðgengi að gildandi reglum er forsenda lögmætrar stjórnsýslu, en Reykjavíkurborg skortir miðlægan, rafrænan reglugrunn og umboðsmaður Alþingis hefur ítrekað bent á þennan annmarka. Þetta veldur réttaróvissu og veikri stöðu borgarinnar gagnvart kærunefndum, eftirlitsaðilum og dómstólum.

Óskað er eftir að verkefnaráð:

- Úthluti verkefnastjóra og veiti heimild fyrir stuðning frá upplýsingatæknisviði Reykjavíkurborgar.
- Gefi heimild til að skipa þverfaglegt innleiðingarteymi.
- Samþykki að nýta kerfi ríkisins án leyfisgjalda.

Samþykki fjármögnun: **20 m.kr.** til þróunar af fjárfestingu.

Hvað er búið að gera:

- Þarfagreiningu með lögfræðingum borgarinnar.
- Fundir með Island.is og Hugsmiðjunni.
- Fundur með upplýsingatæknihönnuði ÞON.

Verðhugmynd fengin frá Hugsmiðjunni.

Með verkefninu á m.a. að:

Verkefnið felst í því að koma á miðlægum, rafrænum reglugrunni með samræmdu sniði og útgáfustýringu. Reglur verða þannig aðgengilegar á einum stað, með skýru viðmóti og opinberri birtingu sem uppfyllir lagaskyldu og eykur traust og skilvirkni.

Væntur ávinningur/ábati:

- Tímasparnaður: allt að 80 klst. hjá starfsfólki og allt að 40 klst. hjá borgarbúum.
- Minnkar líkur á misskilningi, kærnum og neikvæðum úrskurðum.
- Umhverfisávinningur (minni pappírsmotkun).
- Tryggir lögmæti og réttaráhrif reglna með samræmdri og opinberri birtingu í samræmi við lögbundnar kröfur.
- Eykur réttaröryggi og jafnræði borgarbúa og starfsfólks með einni gildandi og áreiðanlegri heimild.
- Dregur úr réttaróvissu og styrkir traust á stjórnslu Reykjavíkurborgar.

Sparnaður á ársgrundvelli: **1.562.075 kr.**

Tímarammi: 12 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 20 m.kr.

Næstu skref:

- Leita tilboða
- Aðlaga kerfi
- Áframhaldandi samtal við Island.is
- Innsetning gagna
- Innleiðing

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor í nýju Fylki dags 15.01.2026: 2.33

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefni samþykkt til forgangsroðunar stafræns ráðs.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra ráðgjafar	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Stafrænt borgarkort MÍR – ósk um fjármagn

Reykjavíkurborg býður upp á fjölbreytta menningar- og afþreyingarþjónustu sem borgarbúar greiða fyrir. Til að auðvelda þjónustuveitingu og færa hana á nútímalegt form hefur verið tekið upp stafrænt borgarkort.

Samningur var gerður við fyrirtækið PassCreator í maí 2025. Verkefnið tók lengri tíma en upphaflega var áætlað meðal annars vegna tafa frá kjarnasviði. Verkefnið er í lúkningarfasa en innleiðing hefur ekki átt sér stað vegna tæknilegra, pólitískra og stjórnunarlegra ástæðna. Lausnin er komin í rekstur, tengingar við fyrirliggjandi kerfi eru að klárast og nú er hægt að hefja innleiðingu á 17 þjónustustöðum Reykjavíkurborgar.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

Verkefnastjóra til að halda utan um innleiðingu og sameina alla þætti verkefnisins

- Að innleiðingu koma þjónustuhönnuðir, forstöðumaður markaðsmála hjá MÍR og vörustjóri stafrænu lausnarinnar ásamt öllu því starfsfólki sem mun sjá um um að afgreiða stafræna borgarkortið til borgarbúa og gesta.

Óskað er eftir verkefnastjóra í 70% verkefnastýringu í 10 vikur.

Heildarfjármagn: **2.625.000 kr.**

Hvað er búið að gera:

- Eftir frumathugunar verkefni (e. POC) árið 2024 var farið í útboð á stafrænni veskislausn fyrri hluta árs 2025.
- Útboði lauk í maí 2025.
- Samþætting kerfa hófst haustið 2025.
 - Tengingar við afgreiðslukerfið BRP eru áskorun og hafa tafið verkefnið ásamt öðrum þáttum.
 - Millilag til að sækja gögn í BRP kerfið verður tilbúið til notkunar í janúar 2026, er það gert til að vinna í kringum takmarkanir BRP kerfisins.
 - Millilagið er gert til að uppfylla væntingar notenda til stafræns borgarkorts eftir notenda prófanir.

Hönnun á útliti stafræns borgarkorts lauk í nóvember 2025 og eru kortin tilbúin til útgáfu.

Með verkefninu á m.a. að:

- Opna verkefnið og fá inn verkefnastjóra sem heldur utan um innleiðingu þar sem hún er bæði tæknileg og þjónustuumbreyting fyrir kjarnasviðið.
- Fá verkefnastjóra til að stilla strengi og halda öllum þráðum gangandi.
 - Þjónustuhönnun hefur verið að greina skrefin fyrir innleiðingu.
 - Vörustjóri og gagnþjónusta að byggja millilag til að bæta notendaupplifun.
 - Forstöðumaður markaðsmála leggur upp markaðsherferð til að kynna nýja vöru.
- Samstillast þarf vinnu MÍR og ÞON: tæknilega, þjónustulega og markaðslega.
 - Nauðsynlegt að yfirsýn sé á einni hendi við innleiðingu.

Væntur ávinningur/áþati:

Hvað gerist ef innleiðingu verður ekki lokið:

- Við eigum lausn sem býr til stafrænt kort sem er ekki notuð.
- Göngum gegn vilja núverandi meirihluta í borginni.
- Hunsum vilja borgarbúa sem hafa kallað eftir rafrænni lausn í stað núverandi plastkorta sem veita upplýsingar um virkar áskriftir.
- Þegar hefur verið fjárfest í verkefninu upp á 16.908 þ.kr. auk 33% vörustýringar á stafrænni kortalaus frá september 2025, fjárfesting sem færri forgörðum ef ekkert er gert.

Tímarammi: 10 vikur

Áætlaður kostnaður: 2.625.000 kr.

Næstu skref:

- Sannprófa leiðbeiningar skv. nýjustu uppfærslum.
- Keyra út prófunarkort (e. beta) til starfsfólks ÞON og MÍR.
- Útbúa markaðsáætlun.
- Þjóða öllu starfsfólki Reykjavíkur að sækja rafrænt kort.
- Innleiðing á starfsstöðum MÍR.
 - Sundlaugar (8 starfstaðir)
 - Listasafn Reykjavíkur (3 starfstaðir)
 - Borgarsögusafn (4 starfstaðir)
 - Fjölskyldu og húsdýragarður
 - Ylströnd
- Keyra út prófunarkort til árskortshafa í sund og bjóða þeim að skipta út plastkorti.
- Kynning á lausninni til viðskiptavina.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor í nýju Fylki dags: 15.01.2026: 5,00

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga MÍR og verkefnastjóra verkefnis.	EBB/HA	x
2	Verkefnastjóri upplýsir teymisstjóra stafrænna leiðtoga.	EBB/HA	x

[Aftur í efnisyfirlit](#)

Önnur mál

Mannauðs- og launakerfi, MOLI – fasi 2

Verkefnastjóri verkefnisins óskaði eftir því að fá að skila inn uppfærðum gögnum frá seinasta fundi verkefnaráðs þann 4. desember 2025.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Hækkun á kostnaðarliðnum „aðkeypt þjónusta“ um 38 m.kr.
- Heildarkostnaður fasa 2 verði þar af leiðandi 220 m.kr.

Breytingar á ábatamati

- Tímasparnaður fer úr 16.655 klst. í 4.583 klst.
- Sparnaður í rekstri fer úr 10 m.kr. í 5 m.kr.
- Heildarábati í fyrri kynningu var tekin saman í 149 m.kr. en er nú ekki tekin saman í krónum.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Óskað er eftir skriflegum rökstuðningi frá eiganda verkefnis á því hvað hefur breyst eða hvaða þættir hafa komið í ljós sem hefur áhrif á ábatamat verkefnisins. Heimildarbeiðni verður sett á bið þar til að ákvörðun liggur fyrir.

Nr.	Ákvörðun
1	Óskað eftir fundi með verkefnastjóra og eiganda verkefnis. Heimildarbeiðni sett á bið.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra Mola	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur verkefnaráðs er 29.01.2026

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 29.1.2026

Verkefnaráð	1
Mínar síður – kynning.....	2
Tillaga stafræns ráðs um sameiginlega ábendingargátt ríkis og sveitarfélaga.....	5
Nýtt fjárhagskerfi fasi 2 - minnisblað	6

Verkefnaráðsfundur 29.01.2026

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2026
Dagsetning 29.01.2026	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Óskar Sandholt, Þröstur Sigurðsson, Arna Ýr Sævarsdóttir, Ólafur Sólimann Helgason, Eva Björk Björnsdóttir, Dagrún Ósk Jónsdóttir	
Fjarverandi: Harpa Atladóttir	
Fundarritari: Eva Björk Björnsdóttir	

Fimmtudagur 29. janúar 2026, kl. 10:00 –10:55 6.hæð austur, Presthús Borgartún 12-14

10:00–10:05 Samstilling

10:05–10:25 Mínar síður – kynning
Dagrún Ósk – Vörustjóri

10:25-10:30 Umræður

10:30-10:40 Tillaga stafræns ráðs um sameiginlega ábendingargátt ríkis og sveitarfélaga

10:40–10:50 Fjárhagskerfi fasi 2 – minnisblað

10:50–10:55 Umræður

10:55 Fundi slitið

Mínar síður – kynning

Mínar síður eru þjónustutorg Reykjavíkur og hýsa fjölbreytta þjónustu fyrir íbúa og fyrirtæki. Hægt er að óska eftir þjónustu á einfaldan hátt, afgreiða sín mál og fylgjast með stöðu sinna mála. Mínar síður eru fyrir öll – íbúa, gesti, stofnanir, fyrirtæki, hagsmunasamtök og starfsfólk Reykjavíkurborgar.

Ákveðin grunnvirkni hefur átt sér stað, umboðsvirkni, samþætting, skölun og áhersla. Hefur það falið í sér að Mínar síður tóku við af Rafrænni Reykjavík. Öll eyðublöð sem voru til staðar eru komin á rafrænt form. Prókúruhafar og umboðsaðilar komast inn á Mínar síður í nafnir fyrirtækja og/eða einstaklinga. Umsóknir eru sendar í rétt úrvinnslukerfi og stöðuuppfærslur mála sóttar í kerfin. Meiri stöðugleiki hefur skapast í rekstri og betra eftirlit á sér stað.

Áhersla á næstu mánuðum er á samskipti og sjálfsafgreiðslu, eina umsóknargátt, miðlægan formasmið (verkfæri sem önnur sveitarfélög geta nýtt) og samræmdan umsóknarvef sveitarfélaga.

Stóra myndin

Janúar til mars 2026

- Sjálfvirkt greiðsluferli í formasmið – Útfærsla og uppsetning
- Uppfærsla á formasmið
- Tenging við SkólaBúa – Beiðni um samþætta þjónustu
- Samþætting við Jira – Umsóknir inn í Jira
- Samþætting einkvæmra auðkenna í úrvinnslukerfin
 - Lokið: Umsóknir í pósthólf, S5 húsnæðiskerfið, Málaskrá

- Í vinnslu: VelferðarBúi, SkólaBúi, Veita
- Ekki hafið: HERA, Hlaðan, Bílastæðasjóður API, Jira
- Umsóknir dagforeldra – 2 sérsníðuð form með rafrænni undirritun
- Nýjar umsóknir umhverfis- og skipulagssviðs
- Formasmiður sem vara – Greining og samanburður við island.is

Apríl til júní 2026

- Sjálfvirkt greiðsluferli – Prófanir og innleiðing. Mjög stórt verkefni í heild sinni.
- Mælaborð fyrir aðgerðir og ákvarðanatöku. Til að fylgjast m.a með ábata
- Fleiri boðgreiðslumöguleikar – Greiningarvinna
- Samþætting við HERU – Stöðuuppfærslur mála
- Tenging LUKR við formasmið – Kortavirkni í 5 umsóknir
- Umsókn um heimastuðning í VelferðarBúa – WHODAS sjálfsmat
- Tenging við VelferðarBúa – Áframhaldandi samþætting
- Nýjar umsóknir umhverfis- og skipulagssviðs
- Nýjar umsóknir velferðarsviðs

Næstu skref

- Greiðsluferli í formasmið
- Tengin við SkólaBúa
- Nýjar umsóknir umhverfis- og skipulagssviðs
- Samþættingarverkefni
- Umsóknir dagforeldra

Fjármögnun

Rekstrarfjármagn 2026: 110 m.kr.

- Mælaborð fyrir aðgerðir og ákvarðanatöku

Sérverkefni: Ný form / breytingar sem sviðin vilja fjármagna sjálf

- Ný form umhverfis- og skipulagssviðs
- Ný form velferðarsviðs

Fjárfestingarverkefni 2026:

- Flutt frá 2025 – Staða fjármagn
 - Korta- og boðgreiðslur – Samþykkt: 7,5 m.kr , Eftirstöðvar: 1 m.kr.
 - Formasmiður sem vara – Samþykkt: 6 m.kr , Eftirstöðvar: 2 m.kr.
 - Samþættingarverkefni – Samþykkt: 6,6 m.kr , Eftirstöðvar: 3,75 m.kr.
 - Umsóknir dagforeldra – Samþykkt: 9,5 m.kr , Eftirstöðvar: 8,1 m.kr.

Fjárfestingarverkefni 2026:

- Ný og möguleg verkefni
 - Korta- og boðgreiðslur á Mínum síðum – Fasi 2 (verkefnaráð 12.02.2026)
 - Tenging formasmiðs við LUKR – 18 m.kr. (stafrænt ráð 28.01.2026)
 - Heimastuðningur í VelferðarBúa + WHODAS sjálfsmat (verkefnaráð 12.02.2026)

- FAS verkefni (verkefnaráð 12.03.2026)
- Uppflettigátt þjónustuværs – Stafrænt pósthólf (ennþá í forgreiningu)
- Umsókn um fyrirtækjakort + Umsókn um íbúakort 2 (ennþá í forgreiningu)
- Miðlægur formasmíður (þarf að greina)
- Samstarf við island.is (ennþá í forgreiningu)

Sigrar

- Des '24: Almennt umboð fyrirtækja og einstaklinga aðgengilegt á Mínnum síðum
- Des '24: Umsóknir um íbúakort fara í loftið
- Feb '25: Betra eftirlit og aukið gagnsæi með yfirfærslu í Azure
- Feb '25: Upphleðsla fylgigagna eftir innsendingu aðgengileg
- Júní '25: Uppfletting þjónustuværs fer í loftið
- Júní '25: Gervinotendur fyrir allar týpur umsókna
- Ágúst '25: Samþættingu við Hlöðuna lokið
- Sept '25: Einkvæm auðkenni á allar umsóknir í pósthólfi – Samþættingu nú lokið við S5 og Málaskrá
- Sept '25: Umsóknir HER berast í HERU
- Sept '25: Allur bakendi MS kominn yfir í .NET
- Sept '25: Stofnun umsókna úr ytri kerfum tiltæk, S5 proof of concept
- Okt '25: Hreyfingaryfirlit einstaklinga og fyrirtækja aðgengileg
- Des '25: Tenging við VelferðarBúa, einstaklingsáætlun stofnuð af ráðgjafa aðgengileg í málum íbúa

Hindranir

- Korta- og boðgreiðslur: Ekki gert ráð fyrir tengingu við fjárhagskerfið í upphafi verkefnis, fjármagn nánast búið, greiningarvinna á bið, útfærsla á greiðsluferli enn í vinnslu -> vantar meira fjármagn
- Samþætting við HERU: Vantaði vörustjóra og forgangsröðun til að klára stöðuuppfærslur og einkvæm auðkenni
- Samþætting við JIRA: Vinna hjá Jira teymi hafin en vantar skýrari forgangsröðun
- Samþætting einkvæmra auðkenna: Bið eftir úrvinnslukerfum -> Veita, Hlaðan, Hera, Jira, Bílastæðasjóður API
- Formasmíður sem vara: Bið eftir þjónustuhönnuði í greiningu
- Fækkun í þróunarteymi: 2 í framenda (voru 3 í fyrra), 1 í bakenda (voru 2 í fyrra)

Umræður verkefnaráðs:

Verkefnaráð lýsir yfir ánægju sinni með hversu vel hefur gengið að þróa þjónustuna og hversu góð vara Mínar síður er orðin. Teymið sem staðið hefur á bak við þessa þróun á mikið hrós skilið fyrir öguð vinnubrögð og skýra framtíðarsýn. Nú liggur fyrir að verið er að skoða hvort fýsilegt sé að sameina Mínar síður við sambærilega afurð Ísland.is. Í því verkefni mun koma í ljós hvaða leið er best til að tryggja sem besta upplifun notendenda þjónustu Reykjavíkurborgar.

Aftur í efnisyfirlit

Tillaga stafræns ráðs um sameiginlega ábendingargátt ríkis og sveitarfélaga

Þann 24. september síðastliðinn var tillaga stafræns ráðs að þróun sameiginlegrar ábendingagáttar lögð fram. Lagt var til að kanna möguleika á sameiginlegri ábendingargátt ríkis og sveitarfélaga, sem gæti verið þróuð í samvinnu Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, Stafræns Íslands og annarra hagsmunaaðila.

Greinargerð:

Markmið með sameiginlegri ábendingargátt er að einfalda samskipti íbúa og fyrirtækja við sveitarfélög og stofnanir. Með slíkri gátt gætu ábendingar borist á einn stað og verið vísað til réttra aðila á sjálfvirknan hátt. Þetta myndi stuðla að betra aðgengi, einföldun þjónustu og auknu gagnsæi í stjórnsýslu.

Reynslan sýnir að verkefni af þessu tagi geta verið flókin, en þau má byggja upp í áföngum. Hægt væri að hefja þróun með fáum þátttakendum og bæta smám saman við fleiri sveitarfélögum og ríkisstofnunum.

Tillaga stafræns ráðs, um sameiginlega ábendingargátt ríkis og sveitarfélaga ásamt umsögnum frá Stafrænu Íslandi og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, var lögð fram að nýju á fundi stafræns ráðs 12. nóvember síðastliðinn og lagt var til að hefja greiningarvinnu.

Tillagan var samþykkt og vísað til þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Umsögn barst frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og stafræns ráðs vegna þróunar á sameiginlegri ábendingargátt. Sjá má nánar um umsagnirnar í meðfylgjandi gögnum.

Niðurstaða þeirra er eftirfarandi:

Samband íslenskra sveitarfélaga og Stafrænt ráð sveitarfélaganna telja að þróun sameiginlegrar ábendingargáttar sé áhugaverð hugmynd sem rétt væri að skoða og greina frekar. Hún gæti orðið kærkomin lausn til að bæta þjónustu við íbúa og fyrirtæki. Með samstilltu átaki og skýrri framtíðarsýn er hægt að skapa lausn sem stuðlar að betri stjórnsýslu og aukinni ánægju notenda.

Umsögn barst frá **Stafrænu Íslandi** vegna ábendingagáttar. Hún var svohljóðandi, en sjá má nánar í meðfylgjandi gögnum:

Heilt yfir er ríkið ekki komið á þann stað hvað þjónustu varðar að tilefni sé til sameiginlegrar ábendingagáttar. Þjónusta ríkisstofnana er margbreytileg á meðan þjónusta sveitarfélaga er heilt yfir sambærileg. Margbreytileiki þjónustuveitingar ríkis gerir það að verkum að flókið er að sameinast um ábendingargátt fyrir allar stofnanir. Þó er þetta eitthvað sem greina mætti betur.

Að þessu sögðu þá er Stafrænt Ísland að innleiða sameiginlegt þjónustukerfi hjá stofnunum. Þjónustukerfið heldur utan um samskipti, býður uppá að mál séu send á milli stofnana og

stjórnsýsluaðila og gefa góða tölfræði um stöðu mála og umfang. Það væri vel þess virði að skoða hvort þjónustukerfið gæti fullnægt þörfum ábendingagáttar ríkis og sveitarfélaga.

Umsögn Stafræns Íslands um málið er þess vegna að þrátt fyrir að ríkið og ríkisstofnanir séu ekki á þeim stað að vera tilbún í eina sameiginlega ábendingagátt fyrir allt, þá erum við tilbún í þátttöku í greiningu og hönnun verkefnisins, sérstaklega að skoða hvort og hvernig þjónustukerfi gæti nýst öllum aðilum.

Óskað er eftir frá stafrænu ráði:

- Að tillagan verði rædd á verkefnaráðsfundi og tekin afstaða til hennar.

Hvað er búið að gera:

- Setja fram tillögu og fá umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Stafrænu Íslandi.

Með verkefninu á m.a að:

Kanna möguleika á sameiginlegri ábendingagátt ríkis og sveitarfélaga, sem gæti verið þróuð í samvinnu Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, Stafræns Íslands og annarra hagsmunaaðila.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Vísar erindinu inn í stýrihópa ríkis og sveitarfélaga.

Nr.	Ákvörðun
1	Þann 4.12 - Umræðu frestað til janúar 2026.
2	Þann 29.1 – Erindinu vísað inn í stýrihópa ríkis og sveitarfélaga

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs fer með erindið inn í stýrihópa	ÓJS	x
2			

Aftur í efnisyfirlit

Nýtt fjárhagskerfi fasi 2 - minnisblað

Upplýst var um breytingu á fyrirhugaðri lokadagsetningu verkefnisins Nýtt fjárhagskerfi. Ný áætluð lokadagsetning er 15. maí í stað 1. mars, þar sem undirbúningur ráðgjafavinnu reyndist umfangsmeiri og flóknari en gert var ráð fyrir og nauðsynlegt var að ljúka honum með fullnægjandi hætti áður en haldið var áfram. Engar breytingar verða á umfangi verkefnisins, einungis á tímalínu þess.

Aftur í efnisyfirlit

Önnur mál

Nýr formaður stafræns ráðs óskar eftir nánari útlistun á fjárfestingum klasa. Hver staðan er, hve mikið er eftir o.s.frv. Þetta ætti að fylgja heimildarbeiðnum verkefna.

Langur listi er af verkefnum á bið hjá verkefnastofa, útskýrist m.a af því að stór verkefni eru í gangi núna, það hefur verið fækkun á starfsfólki. Verkefnastjórar sem ættu að vera í UT verkefnum eru minnst í þeim. Finna þarf útúr þessu.

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur verkefnaráðs verður 12. febrúar 2026.

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 12.02.2026

Verkefnaráð	1
Könnunarhugbúnaður – ósk um fjármagn	2
Rafrænar undirritanir, útboð á lausn – ósk um fjármagn	5
WHODAS mat og umsókn um heimastuðning – ósk um fjármagn	6
Korta og boðgreiðslur á mínum síðum, fasi 2 - ósk um fjármagn	8

Verkefnaráðsfundur 12.02.2026

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2026
Dagsetning 12.02.2026	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Óskar Sandholt, Ólafur Sólímánn Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Þröstur Sigurðsson, Magnús Bergur Magnússon, Ásgrímur Már Friðriksson, Kristjana Nanna Jónsdóttir, Dagrún Ósk Jónasdóttir og Kristín Björg I Sverrisdóttir	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Harpa Atladóttir/ Eva Björk Björnsdóttir	

Fimmtudagur 12. febrúar 2026, kl. 09:30 –10:30 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:00 -10:05 Samstilling

10:05–10:20 Könnunarhugbúnaður - ósk um fjármagn

Ásgrímur Már - vörustjóri

10:20–10:25 Umræður

10:25–10:40 Rafrænar undirritanir, útboð á lausn - ósk um fjármagn

Kristjana Nanna - vörustjóri

10:40–10:45 Umræður

10:45–11:00 WHODAS mat og umsókn um heimastuðning - ósk um fjármagn

Magnús Bergur - stafrænn leiðtogi

Dagrún Ósk - vörustjóri

11:00–11:05 Umræður

11:05–11:20 Korta og boðgreiðslur á mínum síðum - verkefni í vanda

Dagrún Ósk - vörustjóri

Kristín Björg - stafrænn leiðtogi

11:20–11:30 Umræður

11:30 Fundi slitið

Könnunarhugbúnaður – ósk um fjármagn

Verkefnið snýst um að framkvæma markaðskönnun og gera verðfyrirspurn til að finna nýjan könnunarhugbúnað sem leysir Qualtrics af hólmi. Frumathugunarverkefni þar sem Qualtrics hugbúnaðurinn reyndist mjög vel og kom í veg fyrir að borgin fjárfesti í hugbúnaði sem ekki hentar nægilega vel þörfum notenda. Verkefnið leiddi í ljós að kerfið er of flókið, dýrt og takmarkandi, bæði hvað varðar leyfi, svarakvóta og persónuvernd til að uppfylla væntingar og þarfir notenda þess hjá borginni. Ný lausn þarf því t.d. að vera notendavænni, hagkvæmari, og hýst innan EES, með ótakmörkuðum svarkvóta og bjóða upp á auðveldari samþættingu við kerfi Reykjavíkurborgar. Í fyrsta fasa á að greina þarfir, yfirfara gögn úr frumathugunarverkefninu, skoða mögulegar lausnir og undirbúa formlega innkaup, áður en verkefnið er kynnt aftur fyrir verkefnaráði til ákvörðunar um framhald og fjármögnun.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Samþykki fyrir fyrir nýrri verðfyrirspurn á könnunarhugbúnaði sem styður við auka og auðveldari mælingar fyrir svið. Markmiðið er miðlægur búnaður.
- Verkefnastjóra í 40% hlutfalli í 4 mánuði fyrir undirbúning og úrvinnslu verðfyrirspurnar. Um er að ræða fyrsta fasa en uppfært kostnaðarmat og áætlun verður kynnt í fasa 2.

Áætlað um **2,4 m.kr.** af fjárfestingu fyrir fasa 1

Hvað er búið að gera:

- Samþykki hagaðila ÞON, VEL, SFS, MÍR og MOS fyrir kaup á nýjum búnaði.
- Fyrir fyrir verðfyrirspurn var framkvæmd ítarleg greining ásamt kröfulesta sem mun nýtast fyrir núverandi verkefni.
- Eiga samskipti við aðra birgja á markaði.

Með verkefninu á m.a að:

- Að finna og innleiða einfalt og öruggt kerfi fyrir þjónustu- og ánægjumælingar með notendavænu viðmóti fyrir einfaldar kannanir.
- Að bjóða sviðum lausn án svarkvóta, með betra kostnaðarstjórnunarlíkani.
- Finna lausn sem tryggir persónuvernd, aðgangsstýringu og gagnahýsingu innan EES.
- Aðgengileg lausn sem einfaldar vinnu starfsfólks og styðja gagnadrifna stjórnunarhætti.
- Að skapa sameiginlegt verklag og spurningabanka fyrir þjónustumælingar.

Væntur ávinningur/ábati:

Miðað við niðurstöður frumathugana getur verkefnið skilað verulegum rekstrarsparnaði, sérstaklega með afnámi svarakvóta, styttri þjálfun, einfaldari vinnuferlum og minna álagi á sérfræðinga. Ný lausn eykur gæði gagna, öryggi og samræmi þvert á svið og styður þannig við markmið borgarinnar um gagnadrifna ákvarðanatöku og bætt þjónustu við íbúa. Að auki minnkar hún flækjustig og áhættu og gerir sviðum kleift að framkvæma fleiri og betri þjónustumælingar með minni fyrirhöfn. Farið var í innkaup á núverandi hugbúnaði í frumathugunarverkefni og samningur gerður til skemmri tíma sem gerir okkur kleift að skoða aðrar lausnir á markaði á þessum tímamarki. Niðurstöður þess verkefnis renna styrkum stöðum undir þá aðferðafræði sem þróuð hefur verið í kringum slík verkefni og er ljóst að í þessu tilfelli hafa umtalsverðar fjárhæðir sem og óhagræði sparast.

Tímarammi: 4 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 2,4 m.kr.

Næstu skref:

- Taka til og flokka gögn frá eldri verðfyrirspurn.
- Innleiða verkefnastjóra í núverandi stöðu og umfang.
- Greina tækifæri á markaði.
- Vinnustofa með hagaðilum.
- Kortlagning á nýjum tækifærum t.a.m. samþættingu á núverandi stöðu og framtíðarsýn.
- Skrifa verðfyrirspurn.
- Virkja verðfyrirspurn.

Fasar verkefnis:

Fasi 1

- Uppsetning og framkvæmd á markaðskönnun og verðfyrirspurn.
- Mat á nýjan könnunarhugbúnað sem sameinar þarfir sviðanna.

Fasi 2

- Endurkoma fyrir verkefnaráð með drög á nýrri kostnaðaráætlun og tímalínu.
- Formleg innkaup á nýjum hugbúnaði.
- Tryggja innleiðingu, samþættingar og miðlæga stýringu hugbúnaðarins.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Verkefnið er ekki skorað í Fylkinu á þessum tímamarki þar sem fyrsti fasi verkefnisins er forgreining og ábatinn ekki ljós fyrir en að henni lokinni.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefni samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs. Framlengja samning um ár.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs. Framlengja skal núverandi samning um ár.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir vörustjóra könnunarhugbúnaðar og deildarstjóra vörustýringar	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Rafrænar undirritanir, útboð á lausn – ósk um fjármagn

Samningur við núverandi undirritunarlausn, Dokobit, rennur út í mars og ljóst er að núverandi lausn uppfyllir ekki að fullu helstu þarfir borgarinnar. Lausnin hefur orðið fremur flókin í rekstri, byggir á þjónustu frá mögum birgjum og kostnaður hefur hækkað umfram áætlanir með aukinni notkun. Til að tryggja hagkvæmni, betri samþættingu og skýrara hlutverk undirritunarferla þarf að skoða aðrar lausnir sem geta betur mætt þörfum borgarinnar. Markmiðið er að ná betra verði, skilvirkari rekstri og tryggja að undirritunarlausnin verði framtíðarhæf og studdi við sjálfvirkari og áreiðanlegri ferla.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Verkefnastjóra til að leiða útboð og val á lausn fyrir lausn fyrir rafrænar undirritanir hjá Reykjavíkurborg og fjármagni við að skipta um undirritunarlausn ef önnur lausn verður fyrir valinu í kjölfar útboðs.

Óskað er eftir **25 m.kr.** af fjárfestingu verði nýtt kerfi fyrir valinu. Áætla má að kostnaðurinn verði um það bil 12 miljón krónum lægri verði haldið áfram í sama kerfi

Hvað er búið að gera:

- Rýni á núverandi kostnaði og fyrirkomulagi - samtöl við UTR, notendur og birgja.
- Gróf rýni á hvernig skjöl er verið að undirrita – augljós tækifæri til hagræðingar fyrir sviðin og ekki er verið að nýta viðeigandi lausnir t.d. þjónustugátt launaskrifstofu.
- Setja á dagskrá 2026 hjá upplýsinga- og skjalastýringu að gefa út viðmið um hvað á að undirrita með fullgildri löglegri undirritun sem part af leiðbeiningum í meðferð skjala.
- Vinna er hafin við að saman þörfum og notendatilvikum.

Með verkefninu á m.a að:

Markmiðið er að fá lausn á hagstæðara verði og ná niður kostnaði við undirritanir og rekstur. Mikilvægt er að fá undirritunarlausn sem uppfyllir þarfir borgarinnar og tengist öðrum lausnum á skilvirkan hátt. Einnig þarf að skýra betur hvert hlutverk lausnarinnar er og hvaða þarfir hún á að leysa, með það að markmiði að fækka birgjum og einfalda heildarumgjörð undirritunarferla.

Væntur ávinningur/ábati:

Mælanlegur ábati við rafrænar undirritanir almennt

- Umhverfisáhrif 276.687 km
- Tímasparnaður borgarbúa 1537 klst.
- Tímasparnaður starfsmanna 2.561 klst.
- Samdráttur á prenti: 230.572 bls. eða kr.1.623.226

Ábati verkefnis:

Markmið verkefnis að fá hagstæðari verð á undirritunum, ná niður kostnaði við rekstur og bæta fræðslu og verklag. Skýrara verklag og leiðbeiningar um einfaldari undirritunarferli í gegnum viðeigandi kerfi mun spara tíma starfsmanna enn frekar í meðhöndlun, umsýslu og vistun skjala.

Tímarammi: 1 ár

Áætlaður kostnaður: 25 m.kr.

Næstu skref:

- Skilgreina markmið lausnar – bara undirritunarlausn eða á að leysa fleiri þarfir?
- Greining og rýni í hillulausnir
- Undirbúa nýjar leiðbeiningar og fræðslu

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags 12.02.2026: 4,33

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir vörustjóra	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vörustýringar	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

WHODAS mat og umsókn um heimastuðning – ósk um fjármagn

Umsóknir um heimastuðning eru í dag sendar frá Mínum síðum í pósthólf á Velferðarsviði og teknar þar handvirkt inn í Málaskrá, sem veldur bæði töfum og óskilvirkni. Þar sem umsóknir eru ekki tengdar neinu kerfi sér íbúinn engar stöðuuppfærslur og þarf því að leita upplýsinga hjá þjónustuveri. Mikill fjöldi íbúa sækir um heimastuðning án þess að eiga rétt á honum og því skortir

síun áður en íbúum er vísað í umsóknarferlið. Skrifstofa öldrunarþjónustu vill bæta við alþjóðlegu sjálfsfærnimati (e. World Health Organization Disability Assessment Schedule) sem hefur verið valið á landsvísu fyrir verkefnið *Gott að eldast* til að tryggja betri ákvarðanatöku um stuðningsveitingu. Því er brýnt að endurskoða ferlið, samþætta umsókn og sjálfsmat við *VelferðarBúa* og gera mögulegt að birta stöðu mála fyrir íbúa með auknu gagnsæi og einföldun. Verkefnið styður við stefnumörkun ríkisins hvað varðar stafrænar lausnir.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Óskað er eftir fjármögnun uppá 6,5 m. kr. fyrir þróunarteymi til að útfæra WHODAS á Mínum síðum og tengja umsókn um heimastuðning inn í VelferðarBúa.
- Óskað er eftir þjónustuhönnuði í ferlagreiningu á allri þjónustunni.

Hvað er búið að gera:

- Áskorunarramma
- Sjálfsmatið er til á Ísland.is
- Kostnaðaráætlun frá Mínum síðum
- Ábatamat
- Tengingu milli MS og Búa
- Tæknilegt mat á samþættingu við VelferðarBúa

Með verkefninu á m.a að:

- Útfæra WHODAS sjálfsmat á Mínum síðum sem íbúi fyllir út, og munu niðurstöðurnar annaðhvort leiða hann áfram í umsókn um heimastuðning eða gera honum ljóst að umsókn sé ekki nauðsynleg.
- Útfæra samþættingu við VelferðarBúa og tengja bæði sjálfsmat og umsókn þangað inn.
- Greining á ferlum þjónustunnar, frumgerð, viðtöl og notendaprófanir

Væntur ávinningur/ábati:

Áætlaður ábati yfir 4 ára tímabil

- Áætlaður tímasparnaður upp á 3000 klst.
- Umhverfisáhrif -1900 kg CO₂

Samantekt á heildarávinning

- Mjög hagkvæmt er að fara í verkefnið.
- Tímasparnaður starfsfólks og borgarbúa við umsóknarferlið, ásamt betri þjónustu í þessum málaflokki.
- Reykjavík fyrst sveitarfélaga til þess að bæta WHODAS sjálfsmati í ferilinn fyrir heimastuðning, vinna sem önnur sveitarfélög gætu nýtt.

Tímarammi: 3,5 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 6,5 m.kr.

Næstu skref:

- Fá þjónustuhönnuð í ferlagreiningu
- Hönnun á sjálfsmati fyrir íbúa
- Hefja forritunarvinnu á WHODAS sjálfsmati
- Rásfundur með þróunarteymi VelferðarBúa
- Hefja forritunarvinnu á tengingu milli MS og VelferðarBúa

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor í verkefnaráðs dags 12.02.2026: 4,33

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga VEL og vörustjóra minna síðna	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir teymisstjóra stafrænna leiðtoga	EBB/HA	x

Korta og boðgreiðslur á mínum síðum, fasi 2 - ósk um fjármagn

Fasi 2 snýr að því að tengja greiðslur við fjármálakerfi Reykjavíkurborgar (Unit4) og tryggja að greiðsluflæði verði sjálfvirk, öruggt og rekjanlegt í gegnum kerfin. Markmiðið er að skapa heildrænt ferli þar sem greiðslur sem fara í gegnum Mínar síður eru rétt skráðar, bókaðar og afstemmdar í fjármálakerfinu án handvirkra íhlutunar.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Óskað er eftir fjármögnun uppá **6,5 m.kr.** til að tengja greiðsluferli á Mínum síðum við fjárhagskerfi borgarinnar og fyrir frekari greiningarvinnu á fleiri boðgreiðsluleiðum.

Hvað er búið að gera:

Greiðsluferlið – Fasi 1

- Vörulisti skilgreindur í Unit4
- Útfærsla á að sækja vörulista og verð úr Unit4 fyrir hverja og eina umsókn
- Birting á vörum í viðmóti umsókna
- Samningur við Teya stofnaður fyrir greiðslur frá Mínum síðum

Fleiri boðgreiðslur – Fasi 1

- Fundur með sérfræðingum Unit4
- Hagsmunaaðilagreining

Með verkefninu á m.a að:

- Setja upp tengingu við Teya svo greiðslur frá Mínum síðum berist á réttan bankareikning.
- Útfæra tengingu við Unit4 svo greiðslur og vörur frá Mínum síðum bókist á réttan kostnaðarstað.
- Uppfæra ákveðnar umsóknir USK í umsóknarsmið og bæta við greiðsluferli, þar sem við á.
- Frekari greiningarvinna á fleiri boðgreiðsluleiðum þvert á svið borgarinnar.

Væntur ávinningur/ábati:

Mælanlegur ábati:

- Tímasparnaður 192,24 klst
 - Fækkun vanskila 10-30%
- Til að mynda:
- Framkvæmdaleyfi og deiliskipulag
Ógreiddir reikningar: 1.739.605
Áætluð heimta: 347.921
 - Byggingarleyfi
Ógreiddir reikningar: 13.265.662
Áætluð heimta: 2.653.132
 - Matarþjónusta VEL
Ógreiddir reikningar: 3.442.662
Áætluð heimta: 688.532

Samantekt á heildarávinning:

- Fljótari afgreiðsla og minni biðtími fyrir umsækjendur.
- Tímasparnaður starfsfólks og minnkandi álag á þjónustuver.
- Verkefnið er náttúrleg framþróun í sjálfsafgreiðslu íbúa.
- Skýr þáttur í stafrænni vegferð.

Tímarammi: 3,5 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 6,5 m.kr.

Næstu skref:

Greiðsluferlið

- Setja upp tengingu við Teya
- Tengja greiðslur inn í Unit4
- Tæknilegar prófanir á öllum umsóknarferlum með greiðslu
- Prófanir og innleiðing með umsóknareigendum

Fleiri boðgreiðslur

- Fundur með hagsmunaaðilum
- Kortlagning núverandi þjónustu
- Greining á ábata og fýsileika
- Niðurstöðuskýrsla

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor í verkefnaráðs dags 12.02.2026: 3,33

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga USK og vörustjóra minna síðna	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir teymisstjóra stafrænna leiðtoga	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur verkefnaráðs er 26.02.2026

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 26.2.2026

Verkefnaráð	1
Utanhald hugbúnaðarleyfa (SAM).....	2
Skilvirkara umhverfi stafrænna lausna (Azure future) – Uppfærð kostnaðaráætlun.....	4

Verkefnaráðsfundur 26.02.2026

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2026
Dagsetning 26.02.2026	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Óskar Sandholt, Þröstur Sigurðsson, Arna Ýr Sævarsdóttir, Ólafur Sólimann Helgason, Eva Björk Björnsdóttir, Sævar Guðbergsson, Sigurrós og Lena Dögg	
Fjarverandi: Harpa Atladóttir, Eva Björk Björnsdóttir	
Fundarritari: Þröstur Sigurðsson	

Fimmtudagur 26. febrúar 2026, kl. 09:30 –10:30 6.hæð austur, Presthús Borgartún 12-14

09:30–09:35 Samstilling

09:35–09:55 Utanumhald hugbúnaðarleyfa (SAM) – ósk um fjármagn og niðurstaða ábatamats: Sævar – Verkefnastjóri

09:55-10:00 Umræður

10:00-10:20 Skilvirkara umhverfi stafrænna lausna (Azure future) – uppfærð
kostnaðaráætlun: Sigurrós Oddný og Lena Dögg

10:20–10:25 Umræður

10:25 Fundi slitið

Utanumhald hugbúnaðarleyfa (SAM)

Sam kerfi mun halda utan um hugbúnaðarleyfi og notkun fyrir Reykjavíkurborg, það einfaldar úttektir hugbúnaðarframleiðenda verulega og vaktar notkun á hugbúnaði, stuðlar að bestun á nýtingu hugbúnaðar og tryggir hlítingu við lög og reglur um höfundarétt. Gert er ráð fyrir 55 – 157 m.kr árlegum sparnaði í hugbúnaðarleyfum borgarinnar til að byrja með.

Í maí 2021 var samþykkt 40 m.kr. á fjárfestingu í verkefnið, búið er að nota um 25 m.kr. í forgreiningu, undirbúning og útboðsskrif. Ekki var gert ráð fyrir leyfakostnaði í verkefninu þegar fasi 1 hófst enda var óljóst hvað kæmi út úr forgreiningu.

Með verkefni er stefnt að því að ná fram hagræðingu í leyfagjöldum hugbúnaðar og minnka handvirka umsýslu á kostnaðardreifingu niður á svið og deildir

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Að verkefnaráð samþykki að farið verði í fasa 2 - útboð og innleiðingu á SAM kerfi
- Gerður verður ótímabundinn samningur þar sem gert er ráð fyrir að eignasjóður greiði fyrir innleiðingarkostnað og leyfakostnað fyrsta árið
- 64.469.500 kr. á fjárfestingu

Hvað er búið að gera:

- Vegferðin hófst árið 2021 þegar 40 m.kr heimild var samþykkt til að hefja verkefnið
- Nú þegar er búið að gjaldfæra 27 m.kr á þá heimild
- RFI var sent út 2021

- Gerð var verðkönnun í febrúar 2026
- Útboðsskrif langt komin og SFR er tilbúið að hefja yfirlestur
- UTR meðvitað um rekstrarkostnað kerfisins eftir innleiðingu

Á verkefnaráðsfundi 20.nóvember s.l samþykkti verkefnaráð ekki að farið yrði í fasa 2, þar sem óskað var eftir um 117 m.kr. Fyrirmæli voru um að framkvæma áhættumat, fá öryggisstjóra og verkefnastjóra gæðamála inn til að aðstoða verkefnastjóra við matið. Þegar áhættumati yrði lokið ætti að koma aftur með niðurstöðu áhættumats fyrir verkefnaráð.

Hér eru helstu niðurstöður ef ekki yrði farið í SAM kerfi:

- Áhættumatið gaf til kynna að mikil handavinna er í dag við utanumhald á hugbúnaðarleyfum
- Verkferlar við utanumhald á hugbúnaðarleyfum þarfnast endurskoðunar
- Þörf er á skýrum verkferlum við umsýslu á hugbúnaðarleyfum, einkum afskráningu á hugbúnaði sem starfsfólk notar ekki lengur
- Það er líklegt að við séum að greiða fyrir fleiri leyfi en við erum að nota
- Nauðsynlegt að innleiða ferla við umsýslu hugbúnaðarleyfa og innleiðingu á þeim
- Ferlar við umsýslu hugbúnaðarleyfa þurfa stuðning af upplýsingatæknikerfum. Þrátt fyrir skýra ferla þá verður alltaf töluverð handavinna án stuðnings SAM kerfis.
- Minni lýkur eru á umfangsmiklum úttektum af hugbúnaðarframleiðendum en áður, en komi til úttektar, krefst það töluverðrar handavinnu
- Mikil handavinna er við útskuldun á leyfakostnaði og verður áfram án SAM kerfis sem er með tengingu yfir í Jira Asset

Með verkefninu á m.a að:

Ná fram verulegum ábata með lægri leyfakostnaði, bæta ímynd og stefna að því að verkefnið nái að borga sig upp á 2-4 árum. Sjá nánar í glærukynningu.

Næstu skref

- Gert er ráð fyrir að útboðsgögn verði send út vorið 2026, fáist heimild fyrir verkefninu
- Innleiðing hefst í september 2026
- Verklök áætluð á Q3 2027

Tímalína: 12 mánuðir

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Niðurstaða verkefnaráðs:

Hafnað/frestað. Metið sem svo að þetta verkefni sé ekki tímabært núna. Það eru miklar breytingar á stórum hugbúnaðarlausnum framundan (Mannauðs- og launakerfi, bókhaldskerfi osfrv.). Áætlaður ábati af verkefninu er ekki nógu skýr. Eftir samtal við framkvæmdarstjóra Microsoft á Íslandi kom í ljós að Microsoft er hætt að auditera hugbúnaðarleyfi sérstaklega. Gæti verið hagkvæmt að hefja verkefnið síðar.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni hafnað/frestað
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra og teymisstjóra verkefnastofu	EBB/HA	x
2			

Aftur í efnisyfirlit

Skilvirkara umhverfi stafrænna lausna (Azure future) – Uppfærð kostnaðaráætlun

Markmið verkefnis er að hanna og setja upp nýtt umhverfi fyrir Reykjavíkurborg í Azure skýjalausninni.

Verkefninu má skipta í 3 fasa/afurðir:

1. Úttekt og greining á umhverfi og ferlum
2. Innleiðing bætts umhverfis og ferla
3. Fúnkerandi rekstrarteymi; ferlum og umhverfi viðhaldið

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Samþykkt á uppfærðri fjárhagsáætlun á verk.nr. 249350 á klasa 80021 - Notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir:
 - Áður samþykkt áætlun: Heildarkostnaður 308.000.000 kr.
 - Uppfærð áætlun m.v. glæru 11: Heildarkostnaður 388.795.000 kr.
 - Aukning um: 80.795.000 kr.
- Óskað eftir samþykkt á fyrirkomulagi ráðninga í rekstrarteymi.

Tengt rekstri

Samkvæmt samþykktri heimildabeiðni var áætlaður rekstrarkostnaður eftir að verkefni lýkur 82,5 m.kr. á ári. Að mestu launakostnaður fyrir fyrrnefnt rekstrarteymi.

Talið ákjósanlegra að dreifa ráðningum á næstu mánuði og lagt til að þeir starfsmenn verði á næsta ári rukkaðir í gegnum rekstrarlíkan sem partur af þjónustu lausna innan Azure umhverfisins. Svið þurfa að gera ráð fyrir þessum kostnaði í áætlunum fyrir 2027. Unnið er að því að greina kostnað og áætla eins og hægt er.

Farið yfir áætlaðan árlegan rekstrarkostnað eftir að verkefninu lýkur, uppfærð kostnaðaráætlun ef um óbreytt ástand yrði að ræða og eins uppfærð kostðanaráætlun ef ráðningum í rekstrateymi yrði dreift.

Tímalína: Janúar 2024 – mars 2027, 65% af verkefninu er lokið

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt að fara í innvistun að hluta til. UTR falið að útfæra með teyminu og skoða fyrirkomulag. Leysum framtíðar kostnað í verkefninu í gegnum núverandi rekstur og rekstrarlíkanið frá 2027. Það mun leysa að miklu leyti þann viðbótarkostnað sem til þarf í verkefnið.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs
2	

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra og vörustjóra verkefnis	HA/EBB	x
2			

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur verkefnaráðs verður 12.mars 2026.

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 12.03.2026

Verkefnaráð	1
Stafræn sorphirða RFID fasi 3 – ósk um fjármagn.....	2
Mælaborð þjónustuvers – ósk um fjármagn.....	4
Stafrænn borgarstjórnarsalur.....	7
Umræður	8
Gagnalandslag ÞON og uppfærsla á gagnaveri vegna gervigreindar.....	8
Þýðingar 3.0 - Framtíð vélstuddra þýðinga og túlkunar - Minnisblað	8

Verkefnaráðsfundur 12.03.2026

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2026
Dagsetning 12.03.2026	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Sandholt, Ólafur Sólimann Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Þröstur Sigurðsson, Kristín Björg I Sverrisdóttir, Bryndís Gunnarsdóttir, Ásgrímur Már Friðriksson, Birgir Lúðvíksson og Inga Rós Gunnarsdóttir.	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Harpa Atladóttir/ Eva Björk Björnsdóttir	

Fimmtudagur 12. mars 2026, kl. 10-11:30 6. hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:00-10:05 Samstilling

10:05–10:20 Stafræn sorphirða RFID fasi 3 – ósk um fjármagn

Bryndís – verkefnastjóri

Kristín Björg – stafrænn leiðtogi

10:20–10:25 Umræður

10:25–10:40 Uppsetning á miðlægu og samþættu mælaborði - samskiptalausn þjónustuvers – ósk um fjármagn

Ásgrímur Már - vörustjóri

10:40–10:45 Umræður

10:45–11:00 Stafrænn borgarstjórnarsalur – ósk um fjármagn

Birgir - stafrænn leiðtogi

11:00–11:05 Umræður

11:05-11:20 Framtíðarvæðing tækniumhverfis fyrir gervigreind - umræða

Inga Rós - skrifstofustjóri

11:20–11:30 Þýðingar 3.0 – Minnisblað

11:30 Fundi slitið

Stafræn sorphirða RFID fasi 3 – ósk um fjármagn

Í dag er engin virk tenging við þau ílát sem eru talin, rukkuð eða losuð, og því vantar staðfestingu á losun. Þetta veldur miklum samskiptum við íbúa þegar frávik koma upp. Með verkefninu verður stigið mikilvægt skref í stafrænni vegferð sorphirðu og henni gert kleift að bregðast þegar í stað við ógreiddum ílátum, hafa skýrari yfirsýn yfir stöðu hirðu og afköst og miðla íbúum áreiðanlegum upplýsingum um tunnur, tæmingar og frávik – hvort sem er í sjálfsafgreiðslu eða í gegnum þjónustuver. Í *fasa 2* í verkefninu sem var að ljúka var unnið að samráði og gagnaöflun til undirbúnings útboði. Haldin var vinnustofa með starfsfólki USK þar sem farið var yfir þarfir og sjónarmið lykilaðila. Framkvæmd var markaðskonunn og gögn frá þeim fimm aðilum sem svöruðu voru yfirfarin. Á grundvelli þessara upplýsinga voru unnin drög að þörfum verkefnisins sem

mynda grunn að kröfulýsingu fyrir vænt útboð. Hér er sótt um *fasa 3* í verkefninu sem mun skila sér í kaupum á kerfi og innleiðingu eftir formlegt innkaupaferli.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

Verkefnastjóra í fasa 3 af verkefninu í 20 mánuði og kaup á kerfi og innleiðingu

- Verkefnastjóri í 50-80% í 20 mánuði = 19.360.000 kr.
- Kaup og innleiðing = 36.000.000 kr.
- Samtals: 55.360.000 kr.

Hvað er búið að gera:

- Forgreina verkefnið
- Sorphirðudagatal
- Þarfagreiningu
- Markaðskönnun
- Úrvinnsla markaðskönnunnar
- Eiga samtöl við fyrirtæki varðandi lausnina
- Kostnaðaráætlun
- Samráð við UTR og gagnaþjónustu hefur farið fram.

Með verkefninu á m.a. að:

Verkefnið miðar að því að setja RFID örflögur á allar sorptunnur og tengja þær við heimilisfang, kostnaður og uppsetning örflaganna er í höndum USK. Fasi 3 felur í sér uppsetningu tölvubúnaðar með GPS og innskráningu í bíla starfsmanna, sem sendir upplýsingar um losun íláta ásamt tímasetningu og staðsetningu. Á skrifstofu tekur hugbúnaður við þessum gögnum og birtir þau, og leysir þannig af hólmi handvirkar skráningar á samfélagsmiðlum.

Væntur ávinningur/ábatí:

- Umhverfisáhrif:
 - Kolefnissparnaður: 99 KG (800km akstur + 4000 miðar)
- Tímaspárnaður:
 - 1054 klst (talning og svörun fyrirspurna)
- Kostar minna
 - 1.707.000 kr. (aukavinna í talningu)
 - 1.200.000 kr. (útprent á miðum)
 - 26.801.056 kr. (ógreidd gjöld en tunnur samt losaðar)
- Samrekstur – Mögulega verður það hægt.
- Betri yfirsýn yfir starfseminna
- Betri þjónusta við íbúa
 - Heildarábati Reykjavíkurborgar = 40.302.651 kr.
 - eða 572 vinnudagar
 - eða 2,17 stöðugildi

Tímarammi: 20 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 55.360.000 kr.

Næstu skref:

- Útboðsvinna
- Úrvinnslu tilboða
- Kaup á kerfi
- Innleiða kerfi
- Setja upp búnað í bílana
- Innleiða hugbúnað

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu: Staðfest skor í verkefnaráðs dags 12.02.2026: 5,00

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefni samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrgðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra og teymisstjóra verkefnastofu	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga USK og teymisstjóra stafrænna leiðtoga	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Mælaborð þjónustuvers – ósk um fjármagn

Verkefnið felur í sér að setja upp miðlægt stjórnendamælaborð fyrir þjónustuver Reykjavíkurborgar þar sem gögn úr samskiptalausn þjónustuvers (síma og netspjall), verkbeiðnakerfi, miðakerfi, ábendingarvef, Mínum síðum ásamt upplifunargögnum úr könnunarhugbúnaði í eina heildstæða yfirsýn. Með þessari lausn skapast rauntímayfirsýn yfir magn, álag, flokkun, ábendingar og þjónustufall. Auk þess fá stjórnendur sviða og eigendur þjónustu gagnadrifna innsýn til að skilja betur framlínuþjónustuna, bæta forgangsröðun, mannauðsstýringu og finna umbótatækifæri. Markmiðið er að skapa eina sameiginlega yfirsýn yfir öll gögn þjónustuversins, samræma flokka, heiti og gagnalíkon, veita stjórnendur

rauntímaupplýsingar um álag og þróun, tengja rekstargögn við upplifunargögn og styðja við gagnadrifnar ákvarðanir.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

Óskað er eftir fjármagni og heimild til að hefja fasa 1, sem felur í sér frumgerð (e. MVP) að miðlægu stjórnendamælaborði fyrir þjónustuver Reykjavíkurborgar. Fasi 1 nær til undirbúnings, gagnasöfnunar og uppsetningar miðlægs mælaborðs.

Fjárfesting

- Verkefnisstjórn (70% í 5 mán.)
- Power BI verktaka (100% í 4 mán.)
- Uppsetningu gagnalíkans og mælaborðs

Innkaup

- Aðkeypt þjónusta sótt í gegnum rammisamning (Power BI/gagnagreining)

Heildarkostnaður 11.250.000 kr.

Hvað er búið að gera:

- Eiga samskipti við hagaðila
- Greining á samskiptalausn þjónustuversins í samvinnu við gagnþjónustuna
- Mótun áskorunarramma fyrir rekstrarráð gagnþjónustunnar
- Samstarf við gagnþjónustuna um tæknilegar forsendur og PON API
- Rýni á samskiptalausn, verkbeiðnakerfi, ábendingavef og könnunarhugbúnað
- Ábatamat og umfangsmat fyrir fasa 1 og framtíðar fasa 2
- Kostnaðarmat fyrir verkefnastjórn og smíði í Power BI

Með verkefninu á m.a. að:

Markmiðið er að skapa eina sameiginlega yfirsýn yfir öll gögn þjónustuversins, samræma flokka, heiti og gagnalíkön, veita stjórnendum rauntímaupplýsingar um álag og þróun, tengja rekstargögn við upplifunargögn og styðja við gagnadrifnar ákvarðanir.

Væntur ávinningur/ábati:

- Tímasparnaður við handvirka gagnavinnslu: **40–80 klst á ári**
- Færri villur og tvíverksaður: **dregur úr leiðréttingarkostnaði**
- Betri mannaflastýring: **nýting eykst um 5–10%**
- Stytttri viðbragðstími við þjónustufalli: **dregur úr bið og uppsöfnun**

Sparnaður: 1,5–3,0 m.kr. á ári

Jafngildir: 0,1–0,2 stöðugildi

Verkefnið er hagkvæmt og styður við kjarnahlutverk þjónustuversins. Það lækkar rekstraráhættu og eykur gagnsæi í þjónustu borgarbúa, bætir bæði rekstrarlegan og upplifunartengdan árangur. Skapar grunn fyrir frekari stafræna þróun og mælingar.

Tímarammi: 4-5 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 11,25 m.kr.

Næstu skref:

- Vinnustofa með þjónustuveri og sviðum til að staðfesta þarfir
- Viðtöl við framlínustarfsmenn og stjórnendur
- Nákvæm kortlagning á gagna-straumum og flokkum (samskiptalausn, verkbeiðnakerfi, ábendingavefur, könnunarhugbúnaði)
- Skilgreining lykilmælikvarða og helstu rekstrarvísa
- Uppsetning gagnatenginga í PON-forritunarskilum og vöruhúsi gagna
- Hönnun og smíði fyrstu útgáfu mælaborðs í Power BI
- Samþykkt og prófanir með notendum
- Undirbúningur fyrir fjármögnun og umfang Fasa 2

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags 12.03.2026: 3,67

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrgðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir vörustjóra	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vörustýringar	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Stafrænn borgarstjórnarsalur

Verkefnið *stafrænn borgarstjórnarsalur* snýst um að endurnýja og nútímavæða tækja- og tæknibúnað í Borgarstjórnarsal, þar sem núverandi búnaður er orðinn gamall, viðhaldsfrekur og brothættur. Með nýju fundarumsjónakerfi skapast tækifæri til að styrkja stafrænt aðgengi og laga salinn að breyttum þörfum. Verkefnið felur í sér þarfagreiningu og kostnaðarmat á þeim uppfærslum sem nauðsynlegar eru til að færa salinn í nútímalegt horf.

Óskað er eftir 2,25 m.kr. fjármögnun til að ráða verkefnastjóra í hálf t. starf í þrjú mánuði til að vinna þarfagreiningu og umfangsmat. Þá þarf einnig að taka ákvörðun um möguleg kaup á LED skjá og, ef samþykkt verður, fjárfesta í búnaði fyrir allt að 14 m.kr.

Unnin hefur verið forgreining og skilgreindar meginstoðir verkefnisins: fundarumsjón, streymi og fjarfundarbúnaður. Farið hefur fram samtal við birgja og arkitekt um tæknilausnir og mismunandi valkostir hafa verið skoðaðir. Markmiðið er að hagræða í streymi, endurhugsa tæknibúnað og gera salinn notendavænni fyrir borgarstjórnarfundum og aðra fundi. Verkefnið er áætlað að taki þrjú mánuði og næstu skref felast í því að greina frekari streymislausnir, meta innanhús- og aðkeyptar útfærslur og forgangsráða verkþáttum.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Niðurstaða verkefnaráðs:

Streymislausn í borgarstjórnarsal var tekin til umræðu og er niðurstaðan sú að þarfagreining heyrir undir verkefnið fundarumsjónakerfi. Lagna og tækjavinnu er vísað til fjárfestingarklasa stjórnsýsluhúsa og LED skjárinna á búnaðarkaup.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni hafnað, þarfagreining skal fara fram í verkefninu fundarumsjónakerfi.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrgðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga MOS og teymisstjóra stafrænna leiðtoga	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra fundarumsjónakerfis	EBB/HA	x

Umræður

Gagnalandslag ÞON og uppfærsla á gagnaveri vegna gervigreindar.

Að undirbúa tækniumhverfi borgarinnar fyrir gervigreind felur ekki einungis í sér fjárfestingu í nýjum tækjum eða tólum, heldur markvæna og kerfisbundna uppbyggingu grunninnviða. Þar á meðal eru gögn, samþættingar, öryggis- og regluvörslukerfi og hæfni starfsfólks til ábyrgrar notkunar tækninnar. Mikilvægt er að byggja upp sjálfbæra og stýrða gervigreindargetu sem nýtist þvert á svið og styrkir rekstur borgarinnar til lengri tíma. Reynsla sýnir að þau fyrirtæki og stofnanir sem vinna markvisst að innviða- og þekkingaruppbyggingu eru mun líklegri til að ná raunverulegum ávinningi af gervigreind og nýta möguleika hennar á ábyrgan og skilvirkan hátt.

Gervigreind er jafnframt orkufrek og því mikilvægt að innleiðing hennar sé í samræmi við Grænu skref borgarinnar, mannréttinda- og lýðræðisstefnu borgarinnar og persónuverndarlög. Vel undirbúin innleiðing er lykilforsenda þess að draga úr áhættu og tryggja trausta og sjálfbæra notkun tækninnar.

Ljóst er að ef borgin fjárfestir ekki í þessum málaflokk má búast við að innan 1–2 ára hafi borgin misst tækni á gervigreindarþróun í eigin umhverfi. Afleiðingarnar gætu m.a. falið í sér upplýsingaóreiðu, gagnaleka og vaxandi tækniskuld sem hamlar starfsemi og þjónustu. Heildaráhætta og óbeinn kostnaður sem af slíku gæti hlotist er áætlaður allt að 250 milljónir króna á næstu tveimur árum.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Ingu Rós, skrifstofustjóra Gagnaþjónustu, hefur verið falið að vinna tillögu að verkefni sem felur annars vegar í sér uppfærslu á búnaði í gagnaveri vegna gervigreindar og hins vegar endurbætur á gagnalandslagi ÞON.

Þýðingar 3.0 - Framtíð vélstuddra þýðinga og túlkunar - Minnisblað

Verkefnið var samþykkt í verkefnaráði vorið 2025 en heimildarbeiðni í borgarráði var svo samþykkt í október 2025. Markmið verkefnisins var að byggja á góðri reynslu af vélstuddum þýðingum á vef Reykjavíkurborgar og kanna frekari tækifæri til að nýta mállíkön og gervigreind í þýðingum og túlkun í þjónustu borgarinnar. Markmiðið var líka að bæta aðgengi að þjónustu fyrir þá sem ekki skilja íslensku, prófa lausnir sem auðvelda samskipti og styðja við stafræna þjónustu, samhliða því að byggja upp stofnanapekkingu og móta skýrar varnarlínur um ábyrga og örugga notkun tækninnar.

Lærdómur fyrsta fasa var þó að í fyrstu tilraun, þá samþykktu lögfræðingar Velferðarsviðs ekki að þýða svarbréf og senda út á tveimur tungumálum - þar sem óljóst þótti hvort slíkt væri heimilt samkvæmt stjórnsýslulögum. Sú umræða þarf að fara fram á breiðari vettvangi innan stjórnsýslu borgarinnar og verður því ekki leyst innan þessa greiningarverkefnis en í

millitíðinni gæti þjónustuver nýtt sér vélþýðingar og veitt þannig þýddar leiðbeiningar til þeirra sem til þeirra leita. Áhugi var líka mikill á rauntímatúlkunum og ýmsar lausnir hafa verið skoðaðar en taka þarf smærri skref í prófunum því lausnir sem þýða tal í tal eru enn á frumstigi, og reynsla framlínu er að þær lausnir nýtist ekki við veitingu þjónustu en hjálpa til við t.d. að bóka tíma í þjónustu með túlki eða annað mjög einfalt. Mikilvægt er þó að draga fram að því fleiri samskipti sem hægt verði að færa úr tali í texta, t.d. komið yfir í spjall eða tölvupóst þá býður það upp á möguleikann á að geta svarað og þjónustað á fleiri tungumálum og þannig sparað mikinn kostnað í túlkaþjónustu.

Í fyrsta fasa voru þó þróaðar og prófaðar nokkrar tilraunalausnir, meðal annars:

- Einföld framendaviðbót, netlausn sem keyrir á netþjóni, sækir vefsíðuna og bætir við ljómun á hugtökum. Hún greinir textann og sýnir notanda einnig hugtök og orðaforða úr orðasafni Reykjavíkur á ensku og pólsku þar sem hún er til. Einnig prófað að setja inn pólsk-íslenska orðabók og fleiri opin orðasöfn. Einföld lausn svo notandi geti notað t.d. reykjavíkurvefinn til að finna hugtök á öðrum tungumálum. Væri hægt að setja upp á önnur gagnasöfn, svo sem upplýsingabrunn þjónustuvers.
- Viðmót þar sem starfsfólk getur sjálft slegið inn orð eða límt inn texta og fengið upp hugtök, þýðingar og skilgreiningar. Það styður starfsfólk í framlínu og auðveldar þeim að finna rétt hugtök og orðanotkun á ensku eða pólsku.
- Lausn þar sem starfsmaður getur leiðrétt eða komið með tillögu um betra orðalag, með því markmiði að bæta orðalistann sem er síðan keyrður inn í þýðingarminnið og bæti gæði þýðinga.
- Tillögur að útfærslum þar sem starfsfólk gæti nýtt sambærilega tækni til að þýða beint orðalista/þýðingarminni, en hafa ekki verið forritaðar.

Lausnirnar hafa verið í prófaðar hjá starfsfólki á miðstöðvum Velferðarsviðs, sérfræðingum í málstefnuhópi borgarinnar, vefumsjónarfólki og textahöfundum á þjónustu- og nýsköpunarsviði en þyrfti að klára tæknilega útfærslu til að kynna fyrir fleirum og nýta beint t.d. í þjónustuverinu.

Áskorun

Stjórnandi á velferðarsviði sem var eigandi verkefnisins fyrir hönd sviðsins lét af störfum í janúar 2026. Við starfslokinn lagði hann til að verkefninu yrði lokað þar sem hann taldi ekki vera aðila til að taka við eigendahlutverki á sviðinu og eftir breytingar í framlínu þá væri túlkun í rauntíma helsta áskorun á VEL og það rúmist ekki innan þessa greiningarverkefnis.

Því á sama tíma höfðu orðið breytingar á skipulagi þjónustu við íbúa. Vesturmiðstöð hefur flust í Borgartún og móttaka þjónustuþega hefur í auknum mæli færst yfir í þjónustuver Reykjavíkurborgar sem rekið er af þjónustu- og nýsköpunarsviði. Einnig hefur þjónustuverið tekið yfir símsvörun fyrir rafræna þjónustumiðstöð Velferðarsviðs.

Þessar breytingar hafa leitt til verulegrar aukningar í símtölum til þjónustuvers og breytt notendahóps þar sem ráðgjöf og upplýsingagjöf er oft flóknari og tímafrekari en áður. Samhliða því hefur áskorunum í samskiptum á öðrum tungumálum í þjónustuverinu fjölgað.

Stór hluti þeirra áskorana sem verkefnið **Þýðingar 3.0** átti að takast á við er því enn til staðar. Munurinn er sá að ábyrgð á samskiptunum hefur að hluta færst frá framlínu velferðarsviðs yfir til þjónustuvers á þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Deildarstjóri þjónustuvers sér mikil tækifæri til að halda áfram með verkefnið og prófa lausnir sem geta:

- einfaldað samskipti á öðrum tungumálum
- flýtt fyrir og dregið úr álagi á ráðgjafa
- bætt þjónustu við íbúa

Þjónustuverið hefur lýst yfir vilja til að leggja til starfsmenn í áframhaldandi greiningu og prófanir lausna. Dæmi um lausnir sem upphaflegt verkefni átti líka að greina voru þýðingar fyrir samtöl í netspjalli, tölvupósti eða ábendingum, óformlegt efni frá starfsfólki svo sem leiðbeiningar og skriflegt efni sem sent er. Mikinn sparnað mætti kalla fram með að þýða samskipti skriflega og fækka túlkunum eða lækka strax þýðingarkostnað í sem flestum einfaldari tilvikum.

Mikilvægt er þó að halda til haga að þó þýðingarlausnir geti til bráðabirgða létt á framlínu í upplýsingaveitingu, þá felst mesti sparnaðurinn í að leysa bættu upplýsingagjöf til notenda í upphafi og fyrirbyggja að fólk þurfi að hafa samband eða sækja stuðning túlka. Því er nauðsynlegt að einnig verði haldið áfram að skoða leiðir á vettvangi lögfræði og stjórnsýslu til að fá samþykki fyrir að senda út svarbréf á fleiri tungumálum eða leiðbeiningum samhliða. Það er í takt við bæði þjónustustefnu og fjölmenningsstefna og okkar aðferðarfræði að ef við gerum hlutinn rétt í upphafi þá spörum við tíma og fjármuni neðar í þjónustukeðjunni.

Stefnumótandi samhengi

Þjónustu- og nýsköpunarsvið ber einnig ábyrgð á aðgerðum í fjölmenningsstefnu Reykjavíkurborgar, þar sem meðal annars er lögð áhersla á að:

- tryggja að rafræn þjónusta og stafrænar gáttir séu aðgengilegar og skiljanlegar á fleiri tungumálum
- auka nýtingu vélþýðinga í samvinnu við svið borgarinnar
- gera úttekt á tungumálanotkun og hvernig mismunandi hópar upplifa aðgengi að rafrænum upplýsingum.
-

Verkefnið **Þýðingar** er mikilvægt skref í að byggja upp þekkingu og prófa lausnir sem geta stutt við þessi markmið síðar meir.

Ákvörðun

Lagt er til að verkefnaráð taki afstöðu til

1. Breytingu á eigendahlutverki verkefnisins

Að eigendahlutverk verkefnisins færist frá fyrrverandi framkvæmdastjóra á velferðarsviði, til Elísabetar Ingadóttur, deildarstjóra þjónustuvers á þjónustu- og nýsköpunarsviði.

2. Breytingu á stýringu verkefnisins

Að verkefnið færir úr farvegi verkefnastofu. Í stað þess taki stafrænn leiðtogi á Þjónustu- og nýsköpunarviði við hlutverki samræmingaraðila og leiði samstarf verkefnahóps sem samanstendur af sérfræðingum í þýðingum og vefmálum, teymi þjónustuupplifunar og fulltrúum þjónustuvers, í samvinnu við þróunaraðila fyrir tæknilega uppsetningu á prófunarlausnum.

3. Framhald verkefnisins

Að áfram verði unnið að útfærslu, prófun og innleiðingu 2–3 lausna sem styðja við starf þjónustuvers og framlínustarfsfólk og meta upplifun notenda og starfsfólks af þeim lausnum með teymi þjónustuupplifunar.

Næstu skref

Verkefnið er í miðri á, lærdómur af fyrstu áskorunum liggur fyrir en í upphafi á fasa tvö verði markmið römmuð skýrt inn með samstarfsaðilum með þjónustuveri þar sem forgangsverkefni verði skilgreind og tímalína uppfærð í samræmi við svigrúm þeirra til verkefnavinnu og forgangsroðun næstu sex mánaða. Uppfært ábatamat og ávinningur verði tekið saman.

Niðurstöður greiningar, helsti lærdómur og tillögur um næstu tækifæri eða áskoranir skuli liggja fyrir þann 1. október. Í kjölfarið verður metið hvort ráðast þurfi í frekari þróun eða innleiðingu og verkefnum þá komið í viðeigandi farveg, hvort sem er innan vöruþróunar og reksturs eða með skilgreiningu nýs verkefnis og beiðni um fjárfestingu.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt, styður við aðgerðaráætlun Þjónustu og nýsköpunarsviðs varðandi stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026-2030.

[Aftur í efnisyfirlit](#)

Næsti fundur verkefnaráðs er 26.03.2026

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 26.3.2026

Innleiðing SharePoint – ósk um fjármagn	3
Velferðarbúi - kynning.....	4

Verkefnaráðsfundur 26.03.2026

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2026
Dagsetning 26.3.2026	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Óskar Sandholt, Þröstur Sigurðsson, Arna Ýr Sævarsdóttir, Ólafur Sólimann Helgason, Nanna Rún Ásgeirsdóttir, Sigrún Lára Sverrisdóttir, Tindur Óli Jensson	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Harpa Atladóttir/Lára Böðvarsdóttir	

Fimmtudagur 26. mars 2026, kl. 09:30 – 10:30 6. hæð austur, Presthús Borgartún 12–14

09:30–09:35 Samstilling

09:35–09:55 Innleiðing SharePoint – ósk um fjármagn

Nanna Rún og Sigrún Lára – vörustjóri og deildarstjóri vörustýringar

09:55–10:00 Umræður

10:00–10:25 Velferðarbúi – kynning

Tindur - vörustjóri

10:25–10:30 Umræður

10:30 Fundi slitið

Innleiðing SharePoint – ósk um fjármagn

SharePoint er skýjalausn frá Microsoft sem kemur í stað S-drifa og sameinar vinnusvæði, skjöl, gögn og verkferla á einum stað til að auðvelda örugga samvinnu. Með verkefninu aukum við skilvirkni og öryggi fyrir starfsfólk, stutt er við stafræna umbreytingu borgarinnar og lagður er grunnur að frekari nýtingu gervigreindar í starfi.

Vandamálið:

Árið 2025 fékkst heimild fyrir því að hefja verkefnið, farið var í markaðskönnun og gáfu svör við henni til kynna að mögulegt væri að ganga til beinna samninga við KPMG og þar með uppfylla skilyrði verkefnisins. Að lokinni frumathugun (e.poc) í árslok 2025, sem fjármagnað var af Microsoft, hófust viðræður við KPMG um mögulega samninga. Í kjölfar samtala var umfangið endurmetið og kom í ljós að áætlaður heildarkostnaður verkefnisins væri nálægt útboðsmörkum. Til að uppfylla skilyrði verkefnisins og fylgja lögbundnum ferlum um opinber innkaup er því ljóst að fara þarf í útboð.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

Í byrjun sumars 2025 fékkst heimild fyrir því að hefja verkefnið þar sem áætlaður verkefnatími var 5–6 mánuðir. Vinnan í fyrsta fasa leiddi í ljós að verkefnið var töluvert umfangsmeira en áætlað var sem og fara þyrfti í útboð, sú vinna lengir tímalínu verkefnisins. Óskað er eftir viðbótafjármögnun vegna þessa.

Hvað er búið að gera:

- Markaðskönnun var send út haustið 2025
- Undirbúa fyrir innleiðingu með USS – kynning um tiltekt á S-drifum með stjórnendum SFS, FAS, MÍR og USK
- Frumathugun með KPMG – drög að SharePoint lendingarsíðu borgarinnar stillt upp ásamt drögum að miðjusíðu sviðsins – ÞON
- Greining og uppstilling á verkþáttum SharePoint sérfræðings
- Könnun útbúin – núverandi vinnuumhverfi og skjalavistun fyrir innleiðingu SharePoint – greiningartól
- Hófum tilraunaverkefni (e.pilot) með FAS sem ekki var unnt að klára

Væntur ávinningur/ábati:

- Lægri innanhúss hýsingarkostnaður
- Tímasparnaður
- Hraðari vinnuferlar með sjálfvirkni
- Öryggi og rekjanleiki gagna
- Bætt ímynd ÞON
- Betra skipulag upplýsinga og auðveldari leit í gögnum
- Ánægja starfsfólks
- Nýting gervigreindar

Tímarammi: 26 mánuðir

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnið fellur undir gagnaverkefni ársins.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnið fellur undir gagnaverkefni ársins

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrgðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra og teymisstjóra verkefnastofu	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vörustjóra	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Velferðarbúi - kynning

VelferðarBúi er stafræn lausn sem miðar að því að veita heildstæða yfirsýn og bæta þjónustu í velferðarmálum. Verkefnið fékk samþykka heimildarbeiðni í júní 2025 og byggir á sex vörðum með skýra sýn um endurnýtingu, skilvirkni og betri þjónustu við íbúa. Markmiðið var að gefa út nýjan málaflökk haustið 2025 og í desember sama ár var gefin út prófunarútgáfa (e.beta) af nánast nýju kerfi. Í dag vinnur 10 manna teymi að þróun VelferðarBúa, SkólaBúa og tengdrar stoðvirkni. Gert er ráð fyrir innleiðingu í málaflökknum Virkni og ráðgjöf í maí 2026.

Þróunarstefna

Þróunarstefna VelferðarBúa byggir á því að byggja einu sinni og nota víðar. Með því að þróa endurnýtanlegar einingar sem hægt er að nota í fleiri þjónustum eykst hraði í þróun og kostnaður lækkar. Jafnframt er lögð áhersla á að skrá upplýsingar einu sinni og nýta þær þvert yfir kerfið. Saga íbúans og lykilupplýsingar eiga að fylgja honum milli málaflökka þannig að starfsfólk þurfi ekki að endurtaka sömu skráningu á mörgum stöðum. Þetta dregur úr tvíverknaði og eykur skilvirkni í vinnu ráðgjafa. Búi er miðjan í þessari nálgun – með tengingum við ytri kerfi eru upplýsingar dregnar saman á einn stað. Þannig sparast tími starfsfólks, álag á íbúa minnkar og skapast betri yfirsýn, betri ákvarðanir og samfelldari þjónusta.

Greiningar í gangi

- Flæði fyrir verkefni og tilkynningar (einfaldar flæði milli starfsfólks)
- Fyrirspurnir íbúa - Leitað er að hillulausn - verkefnastjóri fer fyrir þessu verkefni
- Virkni fyrir bókun og skráningu viðtala
- Málaflökkur aldraðra er í greiningu hjá þjónustuhönnuði.

Sigrar

- Samnýting milli lausna líkt og nefnt er í þróunarstefnunni er farinn að skila ábata.
- Starfsfólk á starfsstöðum borgarinnar er komið með í vegferðina
- Lokuð prófunarútgáfa í prófunum með íbúum í þeirra máli.
- Samvinna við ráðgjafa og stjórnendur gengið vel
- Teymið er komið í gríðarlega góðan takt.

Hindranir

- Teymisbreytingar hafa skapað óstöðuleika, en gengur vel núna.
- Samþætting við Mínar síður var flóknari en áætlað var– unnið að lausn
- Breytilegt umhverfi kallar á agaða forgangsröðun
- .NET transition – óskum eftir mannskap og fjármagni.

Umræður verkefnaráðs:

Flott kynning og gott að heyra að samvinnan sé að ganga vel. Mikilvægt er að horfa til þess hvernig við getum nýtt gervigreindina í þróunarvinnu verkefnisins.

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur verkefnaráðs verður 9. apríl 2026.

Verkefnaráð, upplýsinga- og athugasemdafundur, úthlutunarfundur **Fundargerðir: Verkefnaráð 09.04.2026**

Verkefnaráð, upplýsinga- og athugasemdafundur, úthlutunarfundur	1
Stafræn miðlun myndefnis Reykjavíkurborgar fasi 2 - ósk um fjármagn	3
Nýtt fjárhagskerfi fasi 3 - ósk um fjármagn	5
Framþróun Skólabúa - minnisblað.....	7

Verkefnaráðsfundur 09.04.2026

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2026
Dagsetning 09.04.2026	Staðsetning Þverárkot, Borgartún 12-14
Mættir: Harpa Atladóttir, Lára Böðvarsdóttir, Óskar Sandholt, Ólafur Sólimann Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Þröstur Sigurðsson, Ingibjörg Þóra Haraldsdóttir og Bergdís Björk Sigurjónsdóttir.	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Harpa Atladóttir / Lára Böðvarsdóttir	

Fimmtudagur 9. apríl 2026, kl. 10-11:10 6. hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:00-10:05	Samstilling
10:05-10:20	Stafræn miðlun myndefnis Reykjavíkurborgar (DAM kerfi) fasi 2 – ósk um fjármagn Ingibjörg Þóra – vörustjóri
10:20-10:25	Umræður
10:25-10:45	Nýtt fjárhagskerfi fasi 3 – ósk um fjármagn Bergdís – verkefnastjóri
10:45-10:50	Umræður
10:50-11:05	Skólabúi minnisblað – ósk um fjármagn
11:05-11:10	Umræður
11:10-11:15	Önnur mál
11:15	Fundi slitið

Stafræn miðlun myndefnis Reykjavíkurborgar fasi 2 - ósk um fjármagn

Núverandi DAM (e. digital asset management) lausn borgarinnar svarar takmörkuðum þörfum þegar kemur að miðlun stafræns myndefnis til íbúa og býður ekki upp á nútíma lausnir.

Með nútímalegri lausn verður skráning nákvæmari, tengingar við önnur kerfi betri og gervigreindartækni gerir efnið aðgengilegra og leitarhæfara fyrir alla notendur, sem styrkir miðlun borgarinnar til íbúa.

Í fasa 1 var unnin þarfagreining og markaðskönnun á DAM-lausnum. Haldnar voru kynningar á völdum kerfum og upplifun starfsfólks dregin saman. Jafnframt var unnin kostnaðar- og ábatamatsgreining til að leggja grunn að næstu ákvörðunum.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Óska eftir að hefja fasa 2 sem er útboð, innleiðing á nýrri DAM lausn og gagnaflutningur úr fyrri lausn.
- Samkvæmt. fasa 1 var Ljósmyndasafnið utan verkefnisins. Óskað eftir umræðu um þá ákvörðun.

Búið er að:

- Forgreina verkefnið
- Sorphirðudagatal
- Þarfagreiningu
- Markaðskönnun
- Úrvinnsla markaðskönnunnar
- Eiga samtöl við fyrirtæki varðandi lausnina
- Kostnaðaráætlun
- Samráð við UTR og gagnaþjónustu hefur farið fram.

Með verkefninu á m.a að:

Í fasa tvö verður farið í útboð á DAM-lausn með það að markmiði að innleiða nýja og framtíðarhæfa lausn. Verkefnið styður við þá sýn að vera leiðandi sveitarfélag í miðlun stafræns myndefnis, bjóða upp á notendavænan teikningavef og nýta gervigreind til að gera stafrænt myndefni aðgengilegra með bættri leitarvirkni.

Væntur ávinningur/ábati:

- Tímasparnaður:
 - 634 klst.
- Fækkar kærur vegna höfundaréttar
 - 2-3 á ári

Heildarávinningur

- Verkefnið sparar mikinn tíma fyrst og fremst í leitarvirkni fyrir borgarbúa og starfsfólk.
- Nýir möguleikar í miðlun á sögu borgarinnar og notkun á myndefni sem nú liggur í dvala.
- Bætt aðgengi að gögnum fyrir bæði borgarbúa og starfsfólk.

Tímarammi: 6 mánuðir

Næstu skref:

- Útboðsvinna
- Úrvinnslu tilboða
- Kaup á kerfi
- Innleiða kerfi
- Setja upp búnað í bílana
- Innleiða hugbúnað

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu: Staðfest skor í verkefnaráðs dags 09.04.2026: 4,00

Niðurstaða verkefnaráðs:

Leggjum til að það verði stofnaður eigendahópur en að á sama tíma verði undirbúin útboðsgögn. Samþykki verkefnaráðs mun liggja fyrir þegar samþykki kemur frá eigendahóp verkefnisins varðandi skiptingu og greiðslu fjármagns á rekstrarkostnaði.

Nr. **Ákvörðun**

- 1 Ákvörðun sett á bið þar til liggur fyrir samþykki á skiptingu á rekstrarkostnaði á milli sviða.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir vörustjóra og eiganda verkefnis	HA/LB	x

Aftur í efnisyfirlit

Nýtt fjárhagskerfi fasi 3 - ósk um fjármagn

Stuðningi við núverandi fjárhagskerfi borgarinnar er lokið af hálfu birgja.

Nýtt kerfi mun auka hagræði, skila betri gögnum og nýtast starfsfólki og stjórnmalafólki við að taka gagnadrifnar ákvarðanir í rekstri borgarinnar.

Næstu fasar eru útboð og innleiðing.

Mikilvægt er að gögn úr þarfagreiningu skili sér inn í útboðsgögnin og mikilvægt að útboðsbókin taki mið af tæknistakk borgarinnar. Hér þarf réttu blönduna af íhaldssemi og framsækni og vanda þarf vel til verka.

Innleiðing er bæði tæknilegs eðlis og einnig í ferlum og vinnulagi starfsfólks. Samræma þarf vinnulag við fjármálaferla þvert á borgina. Með markvissri innleiðingu verður ávinningur verkefnisins hámarkaður.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Óskað er eftir fjárfestingu fyrir fasa 3 og 4 sem felur í sér verkefnastýringu, útboð og innleiðingu.
- Óskað er eftir aðkomu sérfræðinga frá UTR og skrifstofu gagna og hugbúnaðarþróunar að verkefninu.

Búið er að:

- Hagsmunaaðilagreiningu
- Markaðskönnun
- Vinnustofur með hagaðilum frá öllum sviðum borgarinnar til að greina ferla og veikleika í högun
- Greina þarfir út frá viðurkenndum starfsháttum
- Skilgreina framtíðarkröfur og virkni
- Dýpri þarfagreiningu og ráðgjöf m.a. móta sýn um framtíðar kerfislandslag, lýsing á æskilegum eiginleikum framtíðar fjárhagskerfis og grunnur að kröfulýsingu fyrir útboð.

Með verkefninu á m.a. að:

Markmið verkefnisins er að kaupa og innleiða nútímalegt fjárhagskerfi sem tryggir rekstur borgarinnar og styður við áframhaldandi þróun og vöxt. Með innleiðingunni er stefnt að nútímavæðingu fjármálaumsýslu og að auka hagkvæmni og skilvirkni til framtíðar.

Væntur ávinningur/ábati:

Hagkvæmni kemur fram bæði kerfislega og menningarlega með innleiðingu nýs fjárhagskerfis. Með nýrri og vel innleiddri lausn verður umtalsverður tímasparnaður hjá stjórnendum, fjármálasérfræðingum og öðru starfsfólki, sem styrkir daglegan rekstur og ákvarðanatöku. Jafnframt eykst öryggi lausnarinnar sem dregur úr rekstraráhættu borgarinnar og sjálfvirkt eftirlit verður bæði meira og skilvirkara. Þetta skilar sér í aukinni getu til eftirlits og betri yfirsýn yfir fjármál borgarinnar í rauntíma.

Tímasparnaður: 29.200 klst. á ári.

Tímarammi: 28 mánuðir

Næstu skref:

- Fullvinna kröfulýsingu
- Útboð
- Vinna úr innsendum tilboðum
 - Kynningarfundir bjóðenda
 - Nytsemisprófanir
 - Val á hagkvæmasta tilboði
- Byrja að vinna eftir nýjum samningi
- Hefja innleiðingu
- Kennsla og þjálfun

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor í verkefnaráðs dags 09.04.2026: 4,33

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra, stafrænan leiðtoga FAS, teymisstjóra stafrænna leiðtoga og teymisstjóra verkefnastofu	HA/LB	x

Aftur í efnisyfirlit

Framþróun Skólabúa - minnisblað.

Vörustjóri Skólabúa óskar eftir því að endurskoðuð verði ákvörðun verkefnaráðs frá 6. nóvember 2025 er varðar framþróun á Skólabúa í ljósi þess að ný birtar niðurstöður stýrihóps um stafræna innviði í þágu barna liggja nú fyrir og skýra hluta þeirrar óvissu sem varð til þess að framþróun var frestað haustið 2025. Þrátt fyrir að verkefnaráð hafi fagnað því að fyrir lægi heildstæð áætlun um framþróun Skólabúa þegar verkefnið kom fyrir ráðið í nóvember, lá fyrir að þegar hafði verið ráðstafað stórum hluta fjárfestingarfjár fyrir árið 2026. Af þeim sökum var óljóst hvort unnt væri að rúma allan áætlaðan kostnað verkefnisins innan fjárfestingaráætlunar. Jafnframt var talið nauðsynlegt að horfa til stöðu annarra samþykktra verkefna innan klasans og meta hvort þörf væri á endurforgangsröðun áður en tekin yrði ákvörðun um heildarframkvæmd. Þá var einnig bent á að á landsvísu væri unnið að sambærilegri greiningu á stafrænum lausnum þvert á skólastig, sem gæti haft áhrif á næstu skref. Í ljósi þessa var afgreiðslu verkefnisins í heild frestað og en ákveðið var þann 18. nóvember að ráðast aðeins í afmarkaðan, brýnan hluta verkefnisins að svo stöddu, aðgangur skjala eftir 10. bekk.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

Fjárfestingu til þess að þróa 4 virkniþætti í Skólabúa.

Búið er að:

- Forgangsröðun með stýrihóp og sviðsstjórum.
- 12 notendaviðtöl síðan síðast (samtals yfir 120).
- Rýni lögfærðinga á lögmæti sjálfvirkra gagnaskila.
- Vinnustofur og fundir með hagaðilum.
- Tæknileg kortlagning um virkni og fýsileika tenginga milli Minna síðna – Skólabúa – Velferðarbúa (Ráðgjafinn) .

Með verkefninu á m.a að:

Með nýjum fasa/verkefni næst að tengja forsjáradila, leik- og grunnskóla, frístund, heilsugæslu og miðstöðvar í eina keðju sem mun bæta þjónustu borgarinnar

Væntur ávinningur/ábati:

Tvöföldu verklagi verður útrýmt og þannig verður þjónustan skilvirkari. Samstarf milli skólastiga og milli stofnana og borgarinnar verður mun öflugra. Einnig er áætlað er að fækka snertingum við að upplýsa og svara foreldrum ásamt hringingum milli starfsmanna um 3-4 snertingar per mál en til samanburðar voru 2054 mál árið 2024.

- Tímasparnaður - Sparast 31 klst. á viku í vinnu starfsfólks, t.d á Rafrænni miðstöð og hjá deildarstjóra stoðþjónustu - 1500 klst. á ári.
- Betri þjónustuupplifun fyrir foreldra

- Betri gagnagæði, betri yfirsýn, samræmt verklag sem skilar betra samstarfi
- Hraðari þjónusta
- Ásýnd borgarinnar – ein heild

Tímarammi: 10 mánuðir

- Vinnustofur varðandi aðkomu sjálfstætt starfandi skóla
- Tæknirýni um að gera kerfið að fjölhýsakerfi (e. multi tenancy) fyrir ytri aðila
- Rýni í framkvæmd viðtöl við foreldra til að meta þörfina á frekari greiningu
- Nánari forvinnsla (e. discovery) fyrir hverja virkni fyrir sig. Með frumgerðum og notendaprófunum

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu: Staðfest skor í verkefnaráðs dags 09.04.2026: 4,67

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnið er samþykkt eins og það var lagt fyrir ráðið í nóvember 2025 til forgangsröðunar hjá stafræna ráði. Verkefnið styður við niðurstöðu stýrihóps um stafræna innviði í þágu barna. Mikilvægt er að uppfæra glærur í samræmi við núverandi stöðu.

Nr. Ákvörðun

1 Verkefni samþykkt til forgangsröðunar stafræns ráðs

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga MOS og teymisstjóra stafrænna leiðtoga	HA/LB	x

Aftur í efnisyfirlit

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 07.05.2026

Verkefnaráð	1
Copilot – kynning	3
Atlassian – kynning.....	6
Önnur mál	9
Viðverukerfi - minnisblað	9
Breyting á fundum verkefnaráðs í júní.....	9
Stafræn miðlun myndefnis Reykjavíkurborgar – Fasi 2	10

Verkefnaráðsfundur 07.05.2026

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2026
Dagsetning 07.05.2026	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Óskar Sandholt, Þröstur Sigurðsson, Arna Ýr Sævarsdóttir, Ólafur Sólimann Helgason, Harpa Atladóttir, Lára Böðvarsdóttir, Sigrún Lára Sverrisdóttir, Lena Dögg Dagbjartsdóttir og Eyvindur Elí Albertsson.	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Lára Böðvarsdóttir	

Fimmtudagur 7. maí 2026, kl. 09:30 –10:30 6. hæð austur, Presthús Borgartún 12-14

09:30–09:35 Samstilling

09:35–09:55 Copilot

Sigrún Lára – deildarstjóri vörustýringar

09:55-10:00 Umræður

10:00-10:20 Atlassian – kynning

Eyvindur Elí – vörustjóri

10:20–10:25 Umræður

10:25–10:30 Önnur mál

Viðverukerfi – minnisblað – Ragnheiður Þórdís

Samþykki varðandi DAM-lausn

10:30 Fundi slitið

Copilot – kynning

Copilot er ekki ein vara heldur hluti af vistkerfi lausna. Hægt að líta Copilot sem viðbót við M365 svítuna en ekki sem sérstakan hugbúnað. Allar aðgangsreglur, öryggi gagna og annað sem á við M365 umhverfið okkar á við um Copilot. Copilot er gervigreindarvinnufélagi sem nýtir þau gögn sem við höfum **þegar** aðgang að til þess að spara tíma, auka gæði og létta dagleg störf **án þess** þó að fórna öryggi eða persónuvernd.

Helstu tegundir Copilot hjá Microsoft eru:

Microsoft Copilot

- Grunnleyfið.
- Almenn gervigreindaraðstoð.
- Til í vafra, Windows og fyrir síma.

Microsoft 365 Copilot

- Aukið leyfi sem leyfir aðgang í gögn.
- Innbyggt í Word, Excel, PowerPoint, Outlook og Teams

GitHub Copilot

- Fyrir forritara
- Hjálpar við að skrifa kóða
- Virkar í t.d. VS Code

Power Platform Copilot

- Innbyggt í Power Apps, Power Automate og Power BI.

Copilot Studio

- Til þess að búa til eigin Copilot gervigreindarlausnir (e. agent)
- Lágkóða (low-code / no-code) umhverfi.

Security Copilot

- Fyrir öryggisteymi
- Greinir árásir, atvikaskrár (log) o.s.frv.

Stóra myndin

Maí 2025:	Purview verkefni hefst
Júlí 2025:	Copilot talar íslensku
Sept. 2025:	Fræðslu- og kennsluröð, 15 fræðslur nóv. 2025 - mars 2026
Okt. 2025:	Kveikt á purview
Nóv. 2025:	Mjúk opnun (e. soft launch) á auknum leyfum
Des. 2025:	MÁP og viðauki við MÁP
Feb. 2026:	Ferlar, persónuvernd og gagnsæismöt
Maí 2026:	Fulla ferð áfram með leyfi.

Næstu skref

Næstu skref í Copilot snúast um að byggja ofan á fræðsluna og stuðla að markvissri notkun, mælanlegu virði og sjálfbærum rekstri án þess að fórna öryggi eða trausti.

Tryggja grunninn

- Copilot stefna og umfang fest í rekstri
- Skýr skilaboð: hvað má og hvað má ekki
- Sameiginlegar leiðbeiningar og stuðningur

Copilot (geirneglt) í þjónustu

- Copilot orðið samþykkt vinnutól
- Ábyrg notkun Copilot gervigreindarlausna (e. agents)
- Endurskoðun leyfa og stefnu

Frá fræðslu í notkun

- Hlutverkamiðuð örfræðsla og verkleg fræðsla
- Starfsfólk notar Copilot í eigin verkefnum
- Söfnun raunhæfra notkunardæma

Gervigreindarlausnir (e. agentar)

- Skýr afmörkun á hvenær gervigreindarlausnir eru leyfðar og til hvers
- Notkun hafin í áhættulitlum (e. low risk) tilfellum (samantektir, leit, greining)
- Takmarkaðir, miðlægt stjórnaðir
- Engin sjálfvirkni eða kerfatengingar nema að loknu sérstöku mati
- Ákvörðun um hvort og hvernig skala eigi gervigreindarlausn (e. agent) til framtíðar

Virði og ábati

- Forgangsröðun verkefna, þ.e. gervigreindarlausna (agentar) skilgreind
- Markvissar vinnustofur á völdum sviðum
- Einfalt ábatamat (tími, gæði, álag)

Sigrar

- Traustur grunnur í öryggi og persónuvernd
- Skýr stefna og stýring varðandi notkun á Copilot
- Virk notkun farin af stað og áhugi mikill
- Mikil og markviss fræðsla
- Samstarf með gervigreindarfulltrúa

Hindranir

- Notkun getur verið meiri en skilningur
- Persónuvernd
- Skortur á ferlum
- Spenna milli hraða og varkárni
- Örar breytingar í gervigreindarumhverfi í heiminum

Óska eftir frá verkefnaráði:

Starfsfólk Reykjavíkurborgar er farið að nota ýmsar gervigreindarlausnir í sinni vinnu án þess að þekkja til hlýtar tilmæli um notkun gervigreindar og gera sér grein fyrir þeim möguleika að hægt er að sækja um aukið Copilot leyfi.

Copilot er eina tólið sem við getum afhent starfsfólki sem er búið að áhættumeta, MÁP-a og við höfum yfirsýn yfir.

Það sem við þurfum frá verkefnaráði er ákvörðun um að hefja almennilega innleiðingu á notkun Copilot sem innifelur í sér auglýsingaherferð og mikla hvatningu á því að nota Copilot ef að nota eigi gervigreindartól.

Umræður verkefnaráðs:

Verkefnaráð er sammála um að mikilvægt sé að starfsfólk borgarinnar nýti það gervigreindartól sem hefur verið valið til notkunar hjá borginni. Við leggjum til að það verði farið í sókn til að auka notkun en þó með varkárni í huga.

Mikilvægt er að minna á að það er ákvörðun viðkomandi starfsstaðar að veita leyfin til að nota Copilot, enda standa þeir straum af kostnaði.

Spurning hvort efna eigi til fundar með æðstu stjórnendum til kynningar og fræðslu.

Atlassian – kynning

Jira Service Management (JSM) er notað til að stýra þjónustubeiðnum og þjónustustjórnun, sem tryggir skilvirka meðhöndlun á innsendum málefnum og beiðnum. Jira býður upp á öfluga verkefnastjórnun og rekjanleika verkefna, sem auðveldar teyimum að halda utan um framvindu og skipulag. Confluence er innleitt sem verkfæri til skjalavistunar og þekkingarstjórnunar, þar sem mikilvæg gögn og upplýsingar eru geymdar og aðgengilegar fyrir starfsfólk. Þá gerir Jira Product Discovery teyimum kleift að safna saman, forgangsraða og vinna með verkefni og umbótatillögur innan vöru, sem styrkir nýsköpun og þróun innan skipulagsheildarinnar.

Stóra myndin, síðastliðnu 12 mánuði

- Fókusinn hefur verið á að nýta JSM leyfin betur
- Við erum að greiða fyrir 400 leyfi
 - JSM notendum hefur fjölgað úr um það bil 200 í 350 og fleiri eru á leiðinni inn
- Tækniþjónustan lokaði 57.595 beiðnum
- Launaskrifstofa lokaði 53.235 beiðnum
- Þjónustuver og Rafræn miðstöð lokuðu 28.148 beiðnum
 - Inni í þessari tölu eru ábendingar sem skila sér inn í JSM
 - Samtals í þremur stærstu svæðunum eru þetta 138.978 beiðnir

Næstu skref

Þjónustugátt UTR

Verkefni í gangi

- Fara yfir beiðnagerðir – einfalda og gera notendavænni
- Bætt útlit á þjónustugátt hjalp.reykjavik.is
- Betri stuðningsgreinar fyrir notendur
- Skoða möguleika á að nýta gervigreind betur

Sameining Jira umhverfa þróunar og reksturs

Verkefni í gangi. Tímalína: maí - júlí

- Skapa eitt samræmt og heildstætt vinnuumhverfi
- Betri yfirsýn og rekjanleiki
 - Einfalt að rekja beiðnir, villur og breytingar frá notendum yfir í þróun og framkvæmd, sérstaklega þegar frávik koma upp
- Stuðningur við vörustýringu
 - Verkefnið styður við innleiðingu Jira Product Discovery og markvissa forgangsroðun verkefna út frá þörfum og virði
- Betri nýting þekkingar
 - Skapar betri forsendur til að nýta Confluence til að halda utan um kröfur, ákvarðanir og samfelli í þróunarvinnu

Umsóknir frá Mínun síðum í Jira Service Management

Verkefni í gangi

- 4 umsóknir velferðarsviðs skila sér inn í JSM þar sem þær eru afgreiddar
 - Skila stöðu umsóknarinnar inn á Mínar síður
 - Í framhaldinu færa svörun pósthólfa velferðarsviðs inn á sama svæði

- 2 umsóknir umhverfis- og skipulagssvið
 - Skila sér inn í JSM inn á vinnusvæði teyma. Sama stað og ábendingar og tölvupóstar skila sér inn
 - Fólk getur unnið á einum stað

Fjármála- og áhættustýringarsvið í Jira Service Management

Verkefni í gangi

- Ferlagreiningu fyrir fyrstu beiðnirnar að ljúka
- Erum að setja upp fyrstu formin. Fyrsta útgáfa í byrjun sumars
 - Beiðni um útboðsnúmer
 - Beiðni um yfirlíestur
 - Almenn fyrirspurn
- Næstu teymi koma inn eftir sumarið

Atvikaskráningar

- Askur – Verkefni í gangi
 - Skráning atvika hjá Reykjavíkurborg í Ask
 - Tengingar við Vinnueftirlitið
 - Sjálfvirkar skýrslugerðir
 - Meiri tölfraði
- Muninn – Forgreiðing
 - Færa Munann, atvikaskráningarkerfi velferðarsviðs, í JSM til að gera skráningar atvika aðgengilegar á sama stað
 - Samnýta eitthvað af vinnunni í kringum Ask

Jira Product Discovery – frá hugmynd að veruleika

Markmið verkefnisins:

Nýta Jira Product Discovery sem sameiginlegan vettvang til að:

- Taka á móti hugmyndum að umbótum og óskum um verkefni innan vöru
- Meta og forgangsráða hugmyndum á samræmdan hátt
- Veita hagsmunaaðilum skýra yfirsýn yfir stöðu og stefnu

Hvernig JPD styður ferlið

- Hugmyndum og verkefnum innan vöru safnað saman á einn stað
- Verkefni metin (t.d. eftir áhrifum, mikilvægi, umfangi)
- Forgangsröðun byggð á sameiginlegum forsendum
- Tímalínur og vegvísir aðgengileg fyrir hagsmunaaðila
- Skýr tenging frá hugmynd → afurð í Jira
- Ávinningur
- Gagnsæi í ákvörðunum
- Betri yfirsýn yfir allt ferlið
- Samræmt vinnulag fyrir vörustjóra og teymi
- Skýrari samskipti við hagsmunaaðila

Tækifæri

Tækifæri felast í því að fara ítarlega yfir vinnuflæði, til dæmis hvernig ferli þróast frá beiðni til þróunar. Einnig er mikilvægt að greina og finna tækifæri til að samþætta kerfið betur við önnur kerfi, þar sem til dæmis erindi geta verið skjöluð beint í Hlöðu og upplýsingar sóttar úr SharePoint.

Þá er nauðsynlegt að nýta Jira betur og á áhrifaríkari hátt, auk þess að bæta skjölun og stuðning við Confluence. Meiri og betri tölfræði getur styrkt ákvarðanatöku, og þannig er mikilvægt að greina og átta sig á tækifærum til að nýta gervigreind til frekari framþróunar.

Sigrar

- Aukin innleiðing JSM. Við settum okkur markmið að fullnýta leyfin sem er að takast
- Innleiðing hjá umhverfis- og skipulagssviði og sérstaklega sorphirðunni

Hindranir

- Ekki nægilega mikill tæknilegur stuðningur innanhúss
- Skjölun í confluence
 - Engin ritstýring
 - Skortur á tíma
 - Skortur á þekkingu og viðurkenndri verklagsaðferð (e. best practice)

Óska eftir frá verkefnaráði:

Verkefnaráð notar Fylkið við forgangsröðun verkefna.

Svipuð hugsun gæti nýst vörustjórum og teyllum þegar verkefni:

- rúmast innan rekstrar
- koma beint inn til vörustjóra eða teyma
- þurfa skýra og sameiginlega forgangsröðun

Passar vel við Jira Product Discovery

- meta hugmyndir eftir *áhrifum, mikilvægi og umfangi*
- styður umræðu og betri ákvarðanatöku
- hjálpar vörustjórum að nýta tólið markvissar

Gæti verkefnaráð aðstoðað við að aðlaga „fylkið“ sem einfalt vinnutól fyrir vörustjóra?

Umræður verkefnaráðs:

Í umræðunum var spurt um eigendaskiptingu. Þröstur og Ólafur eiga fund til að fara yfir málið með viðeigandi aðilum. Eyvindur og Sigrún Lára eru að vinna að minnisblaði til að upplýsa um fjármagn úr rekstrarþottinum sem fer í sameiningu Jira umhverfa þróunar og reksturs.

Harpa verkefnaskráarstjóri ætlar að funda með Eyvindi og Sigrúnu Láru til að kanna hvort Fylkið henti þeim í forgangsröðun yfir rekstrarverkefna vörustjóra.

Aftur í efnisyfirlit

Önnur mál

Viðverukerfi - minnisblað

Samningur vegna viðverukerfis Reykjavíkurborgar, Vinnustund, rann út í desember 2021. Fara þarf í útboð vegna viðverukerfis og búið er að fá samþykki fyrir aðkomu verkefnastjóra til að leiða þá vinnu í 8 mánuði. Verkefnið felst í að ramma inn niðurstöður forgreiningar, setja upp kröfulýsingu og leiða útboðsferli.

Breyting á verkefni

Eftir framkvæmd markaðskönnunar og úrvinnslu nokkurra vinnustofa er niðurstaða verkefnahóps að skynsamlegt er að áætla meiri tíma í þarfagreiningu og kröfulista ásamt útboðsskrifum. Samhliða þeirri vinnu er unnið að vali á nýju mannauðs- og launakerfi og þykir ekki vænlegt að hefja innleiðingu tveggja tengdra kerfa fyrir sama notendahóp samtímis. Einnig er hætta á að takmarkaðar umbætur muni eiga sér stað vegna tímaskorts ef sama kerfi verður fyrir valinu og er nú þegar í notkun. Ef annað kerfi verður fyrir valinu er einnig sú hætta fyrir hendi að ekki náist að þróa kerfi í takt við kröfur Reykjavíkurborgar, sem og að ekki náist að þjálfa notendur nægjanlega vel.

Lagt er til að lengja tímalínu verkefnisins, í stað þess að miða við framkvæmdatímann nóvember 2025 – júní 2026, er sett fram ný leið þar sem:

- árið 2026 fer í áframhaldandi þarfa- og kröfugreiningu og undirbúning útboðs (m.a. kröfulýsingu, fundir með bjóðendum, áhættumat, persónuverndarmat og útboðsskrif).
- árið 2027 verður farið í samkeppnisviðræður og samningsgerð á 1. ársfjórðungi og svo í innleiðingu.

Mögulegir gallar við breytinguna:

- Mögulega hærrí kostnaður vegna skorts á samningi, t.a.m. vegna reikninga fyrir þjónustu sem væri annars innifalin í samningi.

Umræður verkefnaráðs:

Ekki vannst tími til að fara yfir minnisblaðið á fundi. Það var sent á meðlimi ráðsins og þau beðin um að taka afstöðu. Afstaðan er þessi:

Verkefnaráð féllst á þetta. Gert er ráð fyrir að teymið sem vinnur verkefnið átti sig best á tímalínunni og að rekstrarkostnaðurinn falli á mannauðs- og starfsþróunarsvið svo það ætti að hafa lítil sem engin áhrif á úthlutun fjármagns hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Breyting á fundum verkefnaráðs í júní

Fella þarf niður fundinn sem áætlaður er 18. júní vegna sumarfría og því hefur verið ákveðið að breyta dagskrá fundarins 4. júní. Sá fundur var upphaflega skipulagður sem kynningafundur vörustjóra en verður þess í stað verkefnafundur.

Stafræn miðlun myndefnis Reykjavíkurborgar – Fasi 2

Niðurstaða verkefnaráðs varðandi verkefnið stafræn miðlun myndefnis Reykjavíkurborgar þann 9. apríl 2026 var eftirfarandi:

„Leggjum til að það verði stofnaður eigendahópur en að á sama tíma verði undirbúin útboðsgögn. Samþykki verkefnaráðs mun liggja fyrir þegar samþykki kemur frá eigendahóp verkefnisins varðandi skiptingu og greiðslu fjármagns á rekstarkostnaði.“

Fjárhagslegt samkomulag náðist fyrir fund stafræna ráðsins þann 22. apríl og var því verkefnið samþykkt og sent til forgangsröðunar stafræns ráðs.

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur verkefnaráðs verður 21. maí 2026.

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 21.05.2026

Verkefnaráð	1
Netlausnir Reykjavíkurborgar – kynning.....	3
Mannauðs- og launalausnir – kynning.....	5

Verkefnaráðsfundur 21.05.2026

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2026
Dagsetning 21.05.2026	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Óskar Sandholt, Þröstur Sigurðsson, Arna Ýr Sævarsdóttir, Ólafur Sólimann Helgason, Harpa Atladóttir, Lára Böðvarsdóttir, Hallgrímur Andri Jóhannsson og Sigmar Sigfússon.	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Harpa Atladóttir	

Fimmtudagur 21. maí 2026, kl. 09:30 –10:30, 6. hæð austur, Þverárkot Borgartún 12-14

10:00–10:05 Samstilling

10:05–10:25 Netlausnir - kynning

Sigmar – vörustjóri

10:25-10:30 Umræður

10:30-10:50 Mannauðslausnir – kynning

Hallgrímur Andri – vörustjóri

10:50–10:55 Umræður

10:55–11:00 Önnur mál

11:00 Fundi slitið

Netlausnir Reykjavíkurborgar – kynning

Netlausnir Reykjavíkurborgar ná yfir alla nettengda innviði og hugbúnað sem tryggir örugg og stöðug samskipti á yfir 300 starfsstöðum borgarinnar. Þetta felur í sér nettengingar (t.d. ljósleiðara, gagnatengingar og 5G), netbúnað (eldveggi, beini, skipti og þráðlausa aðgangspunkta) sem og hugbúnaðarlausnir, leyfi og áskriftir (t.d. Cisco Umbrella og VPN). Lausnirnar byggja að stórum hluta á búnaði og þjónustu frá aðilum eins og Cisco og Fortinet.

- **CISCO - Netlausnir**
Búnaður (skiptar, beinar, þráðlausir aðgangspunktar, hugbúnaður og leyfi)
- **Fortinet - Netlausnir**
Búnaður (eldveggir, beinar, skiptar) hugbúnaðarlausnir og leyfi
- **Fjarskiptafélögin (ISP)**
Gagna- og internettengingar (Sýn, Síminn, Nova, Ljósleiðarinn)

Stóra myndin

Norðurstjarnan hingað til

- 16066 Rammasamningur gagna- og internettengingar.
 - Við erum í innleiðingarsfasa á rammasamningi sem tók gildi 21. október 2025. Við erum að hagræða samkvæmt honum, setja inn réttar vörulýsingar og stemma af reikninga. Við erum með nýja þjónustuaðila og erum að skipta út gagnatengingum. Búist er við að samningurinn muni skapa rekstrarhagræði frá því sem áður var.
- Fortinet fyrirtækjasamningur (e.Enterprise Agreement).
 - Við erum í viðræðum við Fortinet um að ganga inn í fyrirtækjasamning (svipað og hjá Cisco) í von um betri yfirsýn, kjör og einfaldari rekstur.
- CISCO fyrirtækjasamningur
 - Árlegt uppgjör á öllum leyfum og þjónustum (vélbúnaður og hugbúnaður), þar á meðal stuðningssamningum. Um er að ræða mjög umfangsmikinn lista af búnaði og leyfum sem eru kostnaðarsamir (skiladagur 1. júlí).
- CISCO fyrirtækjasamningur
 - Fara þarf að huga að endurnýjun samningsins í takt við þarfir okkar þar sem hann er að renna út.

Ný norðurstjarna

- 16066 Rammasamningur gagna- og internettengingar
 - Samningsstjórnun – hitta birgja ársfjórðungslega og fara yfir mælingar og tölfræði, stofna til nýrra kaupa, hætta með þjónustur og/eða stækka aðrar þjónustur. Fara í útboð fyrir dark fiber tengingar.

- CISCO fyrirtækjasamningur
 - Samningsstjórnun – nýr samningur þarf að vera sniðinn að okkar þörfum og mikilvægt er að halda vel utan um samninginn.
- Fortinet fyrirtækjasamningur
 - Þegar viðræðum er lokið þarf að velja innkaupaleið í samvinnu við innkaupasérfræðinga borgarinnar.
- Gjaldskrá
 - Með því að færa vörur, sem hafa verið þróaðar, keyptar og innleiddar, yfir í miðlæga gjaldskrá verður kostnaður við stafrænar vörur og grunnupplýsingatækniinnviði fyrirsjáanlegri og gagnsærri fyrir borgina.
 - Gæðahandbók PON – Varða
 - Mikilvægt er að setja upp skýra ferla þegar kemur að netlausnum. Það auðveldar starfsfólki Reykjavíkurborgar störf sín.

Næstu skref

- Halda áfram að koma nýjum vörustjóra inn í öll mál sem snúa að netlausnum
- Koma vegvísi inn í JIRA / Planner
- Reikningamál: Stemma af og betri uppsetning
- Klára Fortinet fyrirtækjasamning
- Klára örútboð og pantanir á búnaði fyrir sumarfrí
- Klára árlegt uppgjör CISCO (tímafrestur 1. júlí)
- Stökkva inn í greiningavinnu með tæknistjóra netreksturs fyrir gjaldskrá og gæðahandbók sviðsins

Sigrar

- Innleiðing rammasamnings gagna- og internettengingar en mikil hagræðing er tengd samningnum.
- Fortinet viðræður þar sem við stefnum á að færa okkur yfir í fyrirtækjasamning, með þeirri breytingu ætti að vera mikill sparnaður til lengri tíma.

Áskoranir

- Erfiðleikar í samstarfi við fjarskiptafélög.
- Mismunandi skilningur aðila á rammasamningi.

Umræður verkefnaráðs:

Verkefnaráð lýsir yfir ánægju með að nú sé kominn vörustjóri netlausna og finnst gott að sjá að nýr vörustjóri er kominn djúpt inn í netmálin á stuttum tíma. Vinnan sem er í gangi í netmálum er mjög jákvæð fyrir hag borgarinnar.

Aftur í efnisyfirlit

Mannauðs- og launalausnir – kynning

Mannauðs- og launalausnir Reykjavíkurborgar vísa til þeirra upplýsingakerfa og verkferla sem styðja við mannaúðs- og launavinnslu borgarinnar. Lausnirnar ná annars vegar til mannaúðsmála, svo sem skráningar og umsýslu starfsmannaupplýsinga, ráðninga, fræðslu og þróunar starfsfólks, og hins vegar til launamála, þar á meðal útreiknings og greiðslu launa, skráningar vinnustunda og tenginga við fjármálakerfi.

Markmið mannaúðs- og launalausna er að einfalda og bæta stjórnun mannaúðsmála, auka gæði gagna og stuðla að skilvirkari rekstri þvert á starfsemi borgarinnar. Með því er leitast við að styðja stjórnendur og starfsfólk í daglegu starfi og tryggja áreiðanlegt og nútímalegt vörslukerfi fyrir upplýsingar um mannaúð og laun.

SAP (mannaúðs- og launakerfi borgarinnar)

Nýjast

- Starfsaldur á kennitölu
 - Verkefnið hófst 2019 – lauk 2025
 - Áður var starfsaldur reiknaður niður á hvert og eitt starfsmannanúmer (starfsfólk getur haft fleiri en eitt starfsmannanúmer ýmist virk og óvirk). Með þessu verkefni birtist heildarstarfsaldur á kennitölu starfsmanns í stað þess að skoða þurfi hvert og eitt starfsmannanúmer til að kanna starfsaldur hans.
 - Nýtist í nýju mannaúðs- og launakerfi.
- Stór uppfærsla á kerfinu ásamt öryggisuppfærslu
 - Hefur beðið frá 2020
- Aðgangsstýringar færðar yfir til UTR

Næstu skref

- Tiltekt í grunnögnum
- Skilgreining á gögnum fyrir MOS-forritunarskil (e.API)
- Útfösun SAP og samningslok
- FAS beiðnir og rekstur
 - Lokum beiðnakerfi MOS og komum þeim til UTR

Vinnustund

Nýjast

- Útboðsferli viðverukerfis
 - Frestað til 2027 vegna innleiðingar nýs mannauðs- og launakerfis
- Gögnin heim
 - Unnið er að því að skilgreina hvaða gögn eigi að sækja úr Vinnustund og hvaða greiningar verði unnar á sögulegum gögnum. Kerfið er hýst hjá Advania og hefur reynst erfitt að nálgast gögnin. Gagnaleiðtogi vinnur nú með MOS að því að sækja þau og vista í vöruhúsi gagna fyrir frekari greiningu þvert á borgina og innan sviðsins.
- Aðgangsstýringar til UTR

Næstu skref

- Úrvinnsla og hagnýting gagna
- Samþætting við nýtt mannauðs- og launakerfi
- Útboðsferli
- FAS beiðnir og rekstur
 - Fyrsta stigs þjónusta yfir til UTR
 - Aðgangsstýringar yfir til UTR
 - Aukin vörustýring – nú 10%

50 skills

Nýjast

- Stabill rekstur
 - Lagfæringar í samþættingu
- Heildarmynd á villum
 - Við höfum verið að kortleggja og lagfæra villur sem eru að koma endurtekið upp til að tryggja öruggari og skilvirkari rekstur kerfisins og samþættinga þess.
- Einkunnagjöf innan kerfis
 - Matrix-a

Næstu skref

- Sjálfvirk stofnun notenda
- MOS beiðnir og rekstur
 - Fyrsta stigs þjónusta yfir til UTR
 - Aðgangsstýringar yfir til UTR
 - Aukin vörustýring – nú 10%
- 50Skills Journeys – Ferlavinna – minni handavinna eftir innleiðingu
- Samþætting við nýtt mannauðs- og launakerfi

Innri miðlun

Nýjast

- Tiltækt að mestu lokið
 - Öll sviðin hafa tekið við sér og klárað
 - Engin úrelt gögn fara á nýjan innri vef
 - Gömul skjöl eftir sem koma upp í leit
- Afleggjarinn 2025 – Verkefnið Stjarnan
 - Byggir á innleiðingu SharePoint og sameinar Fróða og Viva Engage.
 - Markmiðið er að starfsfólk geti nálgast gögn, lausnir og þjónustu á einum miðlægum stað.
 - Þar verður bæði aðgengi að sameiginlegum upplýsingum og efni með aðgangsstýringu.
 - Lausnin á að einfalda aðgang að innri kerfum og skapa grunn fyrir frekari notkun gervigreindar í framtíðinni.
- Afhending vörustýringar til vefdeildar
- Innleiðing og notkun Viva Engage
 - Fyrsta markmiðinu náð: Ná upp sömu notkun á Viva Engage og hún var á Workplace
- Innri miðlun á SharePoint

Næstu skref

- SharePoint undirbúningur
- Útleiðing Fróða í núverandi mynd
- Næsta skref í innleiðingu Viva Engage
 - SFS og aðrir óvirkir notendur
- Loka Workplace
 - Vistun gagna tímabundið í eitt ár samkvæmt leiðbeiningum frá skjalateyminu

Torgið (Eloomi)

Nýjast

- Stabill rekstur
 - Lagfæringar í samþættingu
- Prófanir á Infinite
- Þróun á Infinite með Eloomi
- Undirbúningur á samþættingu vegna Infinite

Næstu skref

- Samþætting við nýtt mannauðs- og launakerfi
- Uppfærsla í Infinite úr People
- Samþættingar við Viva Learning
 - Tengsl við Stjórnuverkefnið sem nefnt var í innri miðlun

Starfsmannagátt

Nýjast

- Samgöngusamningar - 3.549 beiðnir
- Heilsuræktarstyrkur - 4.300 beiðnir
- Tímasparnaður stjórnenda - 1.962 klst.

Næstu skref

- 50Skills Journeys
 - Sjálfvirk (e. dynamic) eyðublöð
- Stafrænt vinnuafl – tengt nýju mannauðs- og launakerfi.

Umræður verkefnaráðs:

Frábær yfirsýn og margt hefur áunnist síðan verkefnaráð fékk síðast kynningu frá vörustjóra.

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur verkefnaráðs verður 4. júní 2026.

Verkefnaráð, upplýsinga- og athugasemdafundur, úthlutunarfundur **Fundargerðir: Verkefnaráð 04.06.2026**

Verkefnaráð, upplýsinga- og athugasemdafundur, úthlutunarfundur	1
Mínar síður, birting umsókna á Island.is – ósk um fjármagn	3
Uppfletting á Mínnum síðum fyrir þjónustuver - ósk um fjármagn	5
Laufey – ósk um fjármagn.	7
Önnur mál	9
Sameining Jira Cloud umhverfa - minnisblað.....	9
Verkefnaráð veturinn 2026-2027	9

Verkefnaráðsfundur 04.06.2026

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2026
Dagsetning 04.06.2026	Staðsetning Prestshús, Borgartún 12-14
Mættir: Harpa Atladóttir, Lára Böðvarsdóttir, Óskar Sandholt, Ólafur Sólimann Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Þröstur Sigurðsson, Dagrún Ósk Jónasdóttir, Arnar Þór Þorsteinsson, Fjóla Kristín Traustadóttir & Búi Bjarmar Aðalsteinsson	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Harpa Atladóttir / Lára Böðvarsdóttir	

Fimmtudagur 4. júní 2026, kl. 09:30-10:45 6. hæð vestur, Prestshús, Borgartún 12-14

09:30-09:35	Samstilling
09:35-09:50	Mínar síður, birting umsókna á island.is – ósk um fjármagn Dagrún Ósk – Vörustjóri Búi Bjarmar – Stafrænn leiðtogi
09:50-10:05	Uppfletting á Mínum síðum fyrir þjónustuver – ósk um fjármagn Dagrún Ósk – Vörustjóri Búi Bjarmar – Stafrænn leiðtogi
10:05-10:15	Umræður
10:15-10:30	Laufey - ósk um fjármagn Fjóla Kristín – Deildarstjóri Búi Bjarmar – Stafrænn leiðtogi
10:30-10:35	Umræður
10:35-10:45	Önnur mál Sameining Jira Cloud umhverfa – minnisblað Fyrsti fundur haustsins
10:55	Fundi slitið

Mínar síður, birting umsókna á Island.is – ósk um fjármagn

Í dag eru umsóknir og mál borgarbúa á mörgum ólíkum stöðum og því getur verið erfitt fyrir notendur að átta sig á stöðu sinna mála. Lagt er til að allar innsendar umsóknir borgarbúa hjá Reykjavíkurborg verði einnig sýnilegar á Island.is til þess að bæta aðgengi og yfirsýn yfir mál borgarbúa. Með þessari breytingu verður hægt að sjá stöðu umsókna á Island.is en nánari upplýsingar og fylgigögn verða áfram aðgengileg á Mínum síðum Reykjavíkur. Verkefnið styður þannig við markmið um samræmda stafræna þjónustu þvert á sveitarfélög og stjórnsýslustig og á að auðvelda borgarbúum að fylgjast með sínum málum.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Óska eftir fjármögnun fyrir þróunarteymi Minna síðna.
- Óskað eftir að teymi Minna síðna Reykjavíkur sjái um þróunarvinnu í samstarfi við Stafrænt Ísland.

Hvað er búið að gera:

- Kostnaðaráætlun frá Mínum síðum
- Forgreining og tæknileg hönnun á tengingu
- Umfangsmat með teymi Stafræns Íslands
- Ábatamat

Með verkefninu á m.a að:

Bæta yfirsýn og samræma þjónustu þvert á stjórnvaldseiningar þar sem við bætum aðgengi og yfirsýn óháð upphafsstað. Allar innsendar umsóknir sem borgarbúar eiga hjá Reykjavík verða sýnilegar inni á Island.is, ásamt stöðu umsókna þeirra.

Væntur ávinningur/ábati:

- Samræmd þjónusta þvert á sveitarfélög
- Í takti við ákall ríkisins
- Skref í áttina að aukinni stærðarhagkvæmni sem gæti átt sér stað með samræmdri þjónustu þvert á sveitafélög

Tímarammi: 3 mánuðir

Næstu skref:

- Uppsetning á X-road fyrir tengingu
- Tæknileg skjölun
- Útfæra tengingu við IDS hjá Island.is
- Útfæra endapunkt á Mínum síðum Reykjavíkur til að skila innsendum umsóknum
- Samskipti og samstarf um tæknilega högun með teymi Stafræns Íslands

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu: Staðfest skor í verkefnaráðs dags 04.06.2026: 2,67

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefni samþykkt.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir vörustjóra og stafrænan leiðtoga ÞON	HA/LB	x

Aftur í efnisyfirlit

Aðgangur þjónustuvers að stafrænu pósthólfi - ósk um fjármagn

Með aukinni áherslu á stafræna þjónustu hafa skjöl og upplýsingar íbúa færst á Mínar síður Reykjavíkur og í stafrænt pósthólf Ísland.is. Til að tryggja góða þjónustu og skilning á stöðu borgarbúa er lagt til að veita þjónustuveri aðgang að gögnum sem Reykjavík hefur sent viðkomandi í stafrænt pósthólf svo þjónustuver geti upplýst borgarbúa og leiðbeint á réttan hátt.

Verkefnið mun bæta þjónustu, sem felst í kvikari svörun og betri innsýn í þarfir borgarbúa, sérstaklega þeirra sem eiga erfitt að fást við stafrænt umhverfi. Eins mun aðgangur þjónustuvers bæta starfsumhverfi þjónusturáðgjafa, starfsánægju og ánægju borgarbúa.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

Óska eftir fjármögnun fyrir teymi Minna síðna til að birta stafrænt pósthólf inn í Uppflettigátt þjónustuvers.

Hvað er búið að gera:

- Áskorunarramma
- Birting á stafrænu pósthólfi á Mínum síðum
- Forgreinung frá þjónustuveri
- Kostnaðaráætlun þróunarteymis
- Ábatamat

Með verkefninu á m.a. að:

Með verkefninu er stefnt að skilvirkari, kvikari og betri þjónustu þegar borgarbúar hafa samband og þurfa aðstoð, auk þess sem það á að draga úr misskilningi í samskiptum. Jafnframt er markmiðið að bæta starfsumhverfi og starfsánægju hjá þjónustuveri og skapa aukinn hvata fyrir svið borgarinnar til að nýta stafræna pósthólfið til samræmingar, þannig að skjöl verði aðgengileg á einum stað. Lausnin felst í því að birta stafræna pósthólfið í Uppflettigátt þjónustuvers, þannig að þjónustuver fái aðgang að þeim skjölum sem borgarbúi hefur fengið frá Reykjavík í stafrænt pósthólf.

Væntur ávinningur/ábati:

- Tímasparnaður starfsfólks 1304 klst
- Tímasparnaður borgarbúa 783 klst
- Þjónusturáðgjafar geta þá nálgast reikninga og bréf send frá mismunandi sviðum til borgarbúa á einum stað minnkar biðtíma í samskiptum við framlínu, bætir starfsánægju og þjónustuupplifun.
- Minnkar líkur á að borgarbúi upplifi að framlína hafi ekki aðgengi að öllum upplýsingum sem þörf er á til að veita ráðgjöf um erindið og skapar þannig aukið traust til framlínunnar.
- Meiri líkur á að hægt sé að klára samskipti í framlínu.
- Hvati til sviða til að nýta stafrænt pósthólf þegar hægt er og auka þannig samræmingu gagna.

Tímarammi: 3 mánuðir

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor í verkefnaráðs dags 04.06.2026: 2,67

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnið samþykkt.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir vörustjóra, stafrænan leiðtoga ÞON.	HA/LB	x

Aftur í efnisyfirlit

Laufey – ósk um fjármagn.

Laufey er nýr umsóknarvefur fyrir stjórnendur sem á að leysa af eldri lausn og einfalda umsóknir um aðgang, vélbúnað og hugbúnaðarleyfi. Núverandi ferli eru ósamræmd milli sviða, yfirsýn og rekjanleika skortir og beiðnir rata ekki alltaf sjálfkrafa í rétt ferli. Með Laufeyju fæst samræmdari og skilvirkari meðferð umsókna, betri umsóknarsaga og sterkari grunnur fyrir áframhaldandi þróun innri þjónustu. Laufey er nú þegar komið í notkun hjá Þjónustu og nýsköpunarsviði og er í virkni prófun hjá lykilnotendum en sótt er um aukið fjármagn til þess að klára þróun vörunnar.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Veita fjármögnun til áframhaldandi þróunar á Laufeyju
- Heimila mönnun verkefnis
- Óskað er eftir heildarfjármögnun fyrir verkefnið
- Stuðningur við þróun kerfis sem umsóknarvef fyrir aðgang, búnað og hugbúnaðarleyfi.

Búið er að:

- Kerfið Laufey er komin í notkun hjá ÞON og er í virkri prófun hjá lykilnotendum.
- Taka saman þarfir og kröfur
- Fyrstu notkunarsviðsmyndir prófaðar og endurgjöf fengin
- Þróunarþarfir greindar út frá raunnotkun og athugasemdum

Með verkefninu á m.a að:

- Samræma umsóknir og einfalda móttöku og afgreiðslu
- Bæta yfirsýn og rekjanleika
- Styttu afgreiðslutíma
- Tryggja að umsóknir fari sjálfkrafa í rétt ferli

Væntur ávinningur/ábati:

Tímasparnaður:

- Afgreiðsla beiðna: 240 klst.
 - Gerð umsókna: 450 klst.
- Heildartímasparnaður: **690 klst.**

Annar ábati:

- Verkefnið styður við samræmingu, bætt verklag og skilvirkari vinnslu umsókna
- Eykur yfirsýn og dregur úr ósamræmi
- Leysir af hólmi eldri lausn
- Verkefnið mun styðja við innri þjónustugátt

Tímarammi: 6-8 mánuðir

Næstu skref:

- Hefja áframhaldandi þróun samkvæmt forgangsörðun
- Undirbúa innleiðingu
- Innleiða á öll svið
- Útleiða eldri umsóknarvef

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni**Skor verkefnisins í Fylkinu:** Staðfest skor í verkefnaráðs dags 06.04.2026: 3,33**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Verkefnið er samþykkt. Mikilvægt er að hefja verkefnið á notendaprófunum með SFS núna strax í júní þar sem skólastjórnendur fara í frí 1. júlí. Mikilvægt er að fá þau til þess að rýna lausnina áður en hún fer í frekari þróun þar sem þau eru einn stærsti notendahópurinn af lausninni. Hægt er að óska eftir þjónustuhönnuð/verkefnastjóra sem aðstoðar við notendaprófanir. Gera skal heimildarbeiðni í samvinnu við deild stjórnsýslu og miðlunar.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir eiganda verkefnis og stafrænan leiðtoga ÞON	HA/LB	x

[Aftur í efnisyfirlit](#)

Önnur mál

Sameining Jira Cloud umhverfa - minnisblað

Tilgangur þessa minnisblaðs er að upplýsa um ráðstöfun vegna verkefnisins sameining á Jira Cloud þróunarumhverfi og aðalumhverfi borgarinnar. Tilfnið er að núverandi aðskilnaður veldur rekstrarflækju, dregur úr yfirsýn og torveldar rekjanleika þegar verkefni, breytingar eða frávik ná yfir bæði þróun og rekstur.

Með sameiningunni er stefnt að einfaldari rekstri, betri yfirsýn og auknum rekjanleika, þannig að auðveldara verði að tengja saman beiðnir, þróun, breytingar og úrlausn mála. Verkefnið verður unnið með sem minnstum truflunum og felur meðal annars í sér flutning verkefna, yfirferð umhverfa og staðfestingu á samþættingu, við meðal annars Clockwork og GitHub. Jafnframt á lausnin að styðja betur við vörustýringu, innleiðingu Jira Product Discovery og nýtingu Confluence fyrir kröfur, ákvarðanir og þekkingu.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Verkefnaráð hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemdir við framgang þess. Ráðið bendir þó á mikilvægi þess að innkaup sem tengjast verkefninu séu framkvæmd í samræmi við gildandi innkaupareglur Reykjavíkurborgar.

Nr.	Ákvörðun
1	Engar athugasemdir er varða framgang verkefnisins

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vörustýringar og vörustjóra Jira.	HA/LB	x

Aftur í efnisyfirlit

Verkefnaráð veturinn 2026-2027

Lagt er til að verkefnaráð hefji aftur fundi þann 20. ágúst eftir sumarfrí. Fyrsti fundur verður kynningarfundur vörustjóra og tveimur vikum síðar verður fyrsti verkefnafundur haustsins (sjá fundadagatal). Í ljósi nýafstaðinna kosninga og breytinga á ráðum munu verkefnaskráarstjórar fara í endurskoðun á ferlum verkefnaráðs í sumar og leggja fyrir breytingar á fyrsta fundi haustsins.

Fundadagatal verkefnaráðs ÞON 2026-2027					
Lengd funda	Tegund	Lokaskil á gögnum	Upplýsinga- og athugasemdafundur	Verkefnaráðsfundur	Mán.
60 mín.	Fundur - kynningar vörustjóra	17.8.2026		20.8.2026	Ágúst
90 mín.	Fundur - verkefnatillögur	27.8.2026	1.9.2026	3.9.2026	September
60 mín.	Fundur - kynningar vörustjóra	14.9.2026		17.9.2026	
90 mín.	Fundur - verkefnatillögur	24.9.2026	29.9.2026	1.10.2026	Október
60 mín.	Fundur - kynningar vörustjóra	12.10.2026		15.10.2026	
90 mín.	Fundur - verkefnatillögur	22.10.2026	27.10.2026	29.10.2026	Nóvember
60 mín.	Fundur - kynningar vörustjóra	9.11.2026		12.11.2026	
90 mín.	Fundur - verkefnatillögur	19.11.2026	24.11.2026	26.11.2026	Desember
60 mín.	Fundur - kynningar vörustjóra	7.12.2026		10.12.2026	
90 mín.	Fundur - verkefnatillögur	7.1.2027	12.1.2027	14.1.2027	Janúar
60 mín.	Fundur - kynningar vörustjóra	25.1.2027		28.1.2027	
90 mín.	Fundur - verkefnatillögur	4.2.2027	9.2.2027	11.2.2027	Febrúar
60 mín.	Fundur - kynningar vörustjóra	22.2.2027		25.2.2027	
90 mín.	Fundur - verkefnatillögur	4.3.2027	9.3.2027	11.3.2027	Mars
60 mín.	Fundur - kynningar vörustjóra	24.3.2027		1.4.2027	Apríl
90 mín.	Fundur - verkefnatillögur	8.4.2027	13.4.2027	15.4.2027	
60 mín.	Fundur - kynningar vörustjóra	26.4.2027		29.4.2027	Maí
90 mín.	Fundur - verkefnatillögur	5.5.2027	11.5.2027	13.5.2027	
60 mín.	Fundur - kynningar vörustjóra	24.5.2027		27.5.2027	Júní
90 mín.	Fundur - verkefnatillögur	3.6.2027	8.6.2027	10.6.2027	
Sumarleyfi					

Aftur í efnisyfirlit